

Hagtíðindi

Statistical Series

Greinargerð

14. nóvember 2022

Manntal og húsnæðistal 1. janúar 2021

Census and housing census 1st January 2021

Efnisyfirlit

Formáli	5
Samantekt	6
1. Inngangur	6
1.1. Manntalsdagurinn og tilefni manntalsins	6
1.2. Lagalegur grundvöllur	7
1.3. Fjármögnun	8
1.4. Fyrri manntöl	8
1.5. Um þessa greinargerð	8
2. Almenn lýsing á framkvæmd manntalsins	9
2.1. Gagnaveitur	9
2.2. Önnur aðföng	9
2.3. Vöruhús manntalsins	10
2.4. Þýðið	10
2.4.1. Vanaleg búseta	10
2.4.2. Lögheimili	11
2.4.3. Skilgreiningaratriði sem munar á manntalinu og þjóðskrá	11
2.4.4. Íbúðir	11
2.5. Skráning í íbúðir	12
2.5.1. Heimilisskilgreining manntalsins	12
2.5.2. Fólk sem ekki er hægt að staðsetja	13
2.5.3. Helstu heimildir fyrir skráningu á stofnanaheimili	13
2.5.4. Helstu heimildir fyrir skráningu í íbúðir	14
2.5.5. Aðferð við tengingu fjölskyldna við íbúðir	15
3. Gæði	16
3.1. Notagildi	16
3.2. Nákvæmni og áreiðanleiki	17
3.2.1. Þjóðskrá	17
3.2.2. Leiðréttingar á staðsetningu innanlands	17
3.2.3. Skráningar eftir manntalsdag	18
3.2.4. Heimildir um lögheimilisskráningu á Íslandi en vanalega búsetu erlendis	18
3.2.5. Lífsmerkjarannsókn	18
3.2.6. Samanburður við þjóðskrá	20
3.2.7. Nákvæmni íbúðaskráningarinnar	21
3.3. Tímanleiki og stundvísi	21
3.4. Samræmi og samanburðarhæfni	21
3.5. Aðgengi og skýrleiki	22

4.	Yfirlit yfir einstaka efnispætti.....	22
4.1.	Manntalið	22
4.1.1.	Kyn	22
4.1.2.	Aldur	23
4.1.3.	Fæðingarland.....	23
4.1.4.	Ríkisfang	23
4.1.5.	Búseta fyrir ári	23
4.1.6.	Búseta erlendis og komuár til landsins.....	24
4.1.7.	Trúfélag	24
4.1.8.	Hjúskaparstaða.....	24
4.1.9.	Staða í fjölskyldu og á heimili.....	25
4.1.10.	Fólk utan einkaheimila	26
4.1.11.	Húsnæðisfyrirkomulag	27
4.1.12.	Atvinnuþátttaka	27
4.1.13.	Atvinnustétt.....	28
4.1.14.	Atvinnugrein	28
4.1.15.	Starfaflokkur	28
4.1.16.	Staðsetning vinnustaðar	28
4.1.17.	Menntun	29
4.1.18.	Fjölskyldur	29
4.1.19.	Einkaheimili	30
4.1.20.	Greiningarbreytur	31
4.2.	Húsnæðistalið	31
4.2.1.	Híbyli.....	31
4.2.2.	Venjulegar íbúðir	32
4.2.3.	Venjulegar íbúðir í notkun	32
4.2.4.	Skyldubreytur sem ekki þarf að sundurliða.....	33
4.2.5.	Greiningarbreytur	33
4.3.	Staðsetningar	33
4.3.1.	Sveitarfélög, byggðastig og þéttbýlisstaðir.....	33
4.3.2.	Hagskýrslusvæði og reitir	34
4.3.3.	Landfræðileg framsetning.....	35
	English Summary	35
	Heimildir	37
	Eldri manntöl	37
	Lagaákvæði, reglugerðir, auglýsingar og stjórnvaldsákvarðanir	37

Staðlar	38
Aðrar heimildir	39
Vefsíður.....	39

Formáli

Þessi útgáfa markar upphaf í birtingum manntals og húsnæðistals Hagstofu Íslands frá 1. janúar 2021. Manntalið er byggt að öllu leyti á skrá og gögnum úr stjórnsýslunni og úr gagnagrunnum Hagstofunnar. Þetta er í annað sinn sem Hagstofan framkvæmir manntal með þessum hætti. Hið fyrra var manntalið 31. desember 2011. Manntölin eru framvæmd í samstarfi innan evrópskrar hagskýrslugerðar á grundvelli reglugerða sem teknar hafa verið inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Manntöl veita mikilvægar upplýsingar um mannfjöldann, heimilisaðstæður, húsnæði, atvinnu og menntunarstig sem ekki fást með öðrum hætti. Hagstofan safnar miklum upplýsingum frá stjórnvöldum, stofnunum og sveitarfélögum. Manntalið 2021 er aðferð til þess að stemma saman þessi gögn og fá þannig nýja heildarsýn á stöðu landsmanna og heimila þeirra.

Manntöl gegna mikilvægu hlutverki í flestum löndum sem grundvöllur hagtölugerðar og sem upplýsingabrunnur fyrir notendur; rannsakendur, hagsmunasamtök og almenning. Einn helsti styrkur manntala er möguleikinn á því að draga ályktanir um smáa hópa sem erfitt er að ná til með könnunum. Á Íslandi og öðrum Norðurlöndum hefur þjóðskráin að einhverju leyti komið í stað manntals en styrkleiki manntals umfram þjóðskrá felst í því að manntalið geymir mun ítarlegri upplýsingar um heimilin í landinu og nær yfir víðtækari svið samfélagsins eins og vinnumarkað, menntun, tekjur, húsnæði og margt fleira

Tímanleiki á birtingu manntalsgagna er mikilvægur í nútíma samfélagi, því hann eykur notagildi gagnanna. Hagstofa Íslands vinnur að því í samstarfi við hagstofur innan Evrópu að bæta um betur og stefna að árlegu manntali frá miðjum þessum áratug.

Margir starfsmenn Hagstofunnar hafa komið að ýmsum þáttum vinnslunnar. Þó ber sérstaklega að nefna fjögurra manna teymi þeirra Ómars S. Harðarsonar, Steins Kára Steinssonar, Guðnýjar Hjaltadóttur og Ívars Arnar Bergmanns. Einnig komu Björk Georgsdóttir og Þorbjörg Magnúsdóttir að verkefninu. Vinna við gerð manntalsins 2021 hefur staðið yfir frá árinu 2019, auk þess að skila hagskýrslum fyrir manntalsárið hefur verkefnið einnig snúið að því að fella útgáfu manntals inn í árlega hagskýrslugerð Hagstofunnar. Þessu verki hefur stýrt verkefnssjórn undir forystu Hrafnhildar Arnkelsdóttur. Loks ber sérstaklega að nefna þátt fyrrverandi hagstofustjóra, Ólafs Hjálmarssonar, sem var frá upphafi áhugasamur um að manntalið hefði forgang í starfsemi Hagstofunnar.

Þá hafa fjölmargar opinberar stofnanir, sveitarfélög og opinber fyrirtæki lagt manntalinu lið með því að veita því nauðsynlegar upplýsingar. Öllum þessum ber að þakka framlag sitt til manntalsins og húsnæðistalsins 1. janúar 2021.

Reykjavík, 14. nóvember 2022

Hrafnhildur Arnkelsdóttir

hagstofustjóri

Samantekt

Hinn 1. janúar 2021 framkvæmdi Hagstofa Íslands manntal og húsnæðistal á Íslandi í annað sinni með nýrri aðferð. Manntalið er að öllu leyti byggt á stjórnsýsluskram og gögnum sem Hagstofan hefur í vörslu sinni. Manntalið er hluti af samevrópsku átaki, en það er tekið í samræmi við lög og reglur sem settar hafa verið á evrópska efnahagssvæðinu. Því er hægt að bera niðurstöður þess saman við niðurstöður í öðrum löndum.

Í þessari greinargerð er helstu eiginleikum manntalsins lýst, en niðurstöðum manntalsins verða gerð skil í fréttatilkynningum sem birtar verða fram til vorsins 2023 eftir efnissviði.

Manntal er skipulegt safn upplýsinga um einstaklinga og húsnæði sem þjónar því markmiði að veita tölulegar upplýsingar um lýðfræðilegar, félagslegar, hagrænar og svæðabundnar aðstæður landsmanna í einu gagnasafni. Með manntalinu 1. janúar 2021 fást upplýsingar um fjölskyldur, heimili og húsnæði þeirra. Þá fást ítarlegar upplýsingar um menntunarstig þjóðarinnar ásamt gögnum um atvinnuþátttöku sem hægt verður að sundurliða eftir svæðum og öðrum þáttum sem ekki er unnt að gera þegar upplýsingar eru byggðar t.d. á úrtaksrannsóknnum. Upplýsingarnar eru að mestu leyti sambærilegar við niðurstöður manntalsins 31. desember 2011, en sömu skilgreiningar og flokkunarkerfi liggja að baki báðum manntölunum.

Þjóðskráin er meginheimild manntalsins. Hagstofan nýtir auk þess fjölda annarra gagna til að leggja mat á búsetu, atvinnu- og menntunarstöðu og til þess að raða fólki saman í fjölskyldur og heimili. Fasteignaskráin er meginundirstaða gagna um húsnæði landsmanna.

Munur er á fólksfjöldanum 1. janúar 2021 í manntalinu og samkvæmt árlegum mannfjöldatölum. Manntalið nýtir sér síðbúnaðarskráningar, auk þess sem aðeins önnur skilgreining er á því hverjir teljast til mannfjöldans miðað við lögheimilislögin. Þá hefur verið gert sérstakt tölfræðilegt mat á fjölda þeirra sem miklar líkur eru á að búi ekki í landinu þrátt fyrir að hafa verið skráðir með lögheimili hérlandis 1. janúar 2021.

Skilgreining á heimili í manntalinu eru þeir sem búa saman í íbúð. Í skráarbundnum manntölum er enginn annar kostur, því ekki eru til aðgengilegar upplýsingar um heimilisskiptingu innan íbúðar á grundvelli þess hverjir deila með sér matseld. Af þessu leiðir að til eru nokkur fjölmenn heimili þar sem margir eru skráðir búandi í einni íbúð eða í einu rými. Þetta er þó lítill hluti heimila.

Fjölskyldur eru skilgreindar sem kjarnafjölskyldur, þ.e. hjón/pör með eða án barna eða einstæðir foreldrar með börn. Ólíkt þjóðskrá skiptir ekki máli hversu gömul börnin eru, þau geta verið á hvaða aldri sem er. Eina skilyrðið er að þau búi sjálf ekki með eigin fjölskyldu á heimilinu, með maka eða börnum.

1. Inngangur

1.1. Manntalsdagurinn og tilefni manntalsins

Manntalið 2021 er annað manntalið sem framkvæmt er í samræmi við Evrópulög frá 2009 sem tekin hafa verið inn í EES-samninginn. Bæði manntölin eru byggð á opinberum skrá.

Manntalið 2021 er miðað við 1. janúar 2021. Hið fyrra var tekið 31. desember 2011. Vegna eðlis gagnanna, einkum upplýsinga um atvinnustöðu og skólasókn er atvinnuþátttaka og skólasókn hins vegar miðuð við haustönn 2020.

Mikið er til af stafrænum upplýsingum um landsmenn. Þessar upplýsingar eru hins vegar gloppóttar og á víð og dreif. Til dæmis er lítið vitað um heimili landsmanna og börn missa tengsl við foreldra sína í þjóðskrá þegar þau ná 18 ára aldri. Þótt ýmsar upplýsingar liggi fyrir um húsnæði í opinberum skrá er lítið vitað um húsnæðisaðstæður íbúa.

Manntalið skiptir þjóðinni upp í heimili, aðskilur einkaheimili og stofnanaheimili og setur saman fjölskyldur óháð aldri barna. Hægt er að sjá við hvaða húsnæðisaðstæður heimilin búa,

hvaða tekjur þau hafa og hvað heimilisfólkið hefst við. Að auki fást nákvæmar upplýsingar um menntun landsmanna en Hagstofan býr að skráningu á menntunarstöðu sem hófst með manntalinu 31. desember 2011.

Með því að taka manntal og byggja á þeim stafrænu upplýsingum sem til eru má samræma gögnin og búa til heildstæðan þverskurð af þjóðinni. Það er ekki hægt með annarri hagskýrslugerð.

Þar sem notuð eru alþjóðleg viðmið í manntalinu verður hægt að bera Ísland saman við aðrar þjóðir.

1.2. Lagalegur grundvöllur

Manntalið 2021 er tekið í samræmi við 1. gr., 124. tl. reglugerðar nr. 777 frá 11. júlí 2016 um gildistöku og innleiðingu reglugerða Evrópusambandsins á sviði hagskýrslugerðar. Um er að ræða Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 frá 9. júlí 2008 um manntal og húsnæðistal sem var tekin inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn.

Manntal er kostnaðarsamt og umfangsmikið verkefni. Því hefur Hagstofan frá upphafi haft það að markmiði að draga saman í manntalinu fleiri atriði sem hafa skipt máli fyrir íslenska þjóðfélagsumræðu og stefnumótun. Í manntalinu 2021 eru því fleiri efnisatriði en kveðið er á um í reglugerðum Evrópusambandsins.

Hagstofulögin¹ kveða á um heimild Hagstofunnar til þess að ákvarða hvaða verkefni skuli unnin. Í 2. gr. laganna er kveðið á um að við ákvörðun hagskýrsluverkefna skuli taka mið af þörfum stjórnvalda og jafnframt af þörfum og óskum annarra aðila. Eftirfarandi mælikvarðar voru notaðir við ákvörðun um hvort efnisþáttur væri tekinn með í manntalinu:

- a) Að gögnin væru aðgengileg, hjá stjórnvöldum eða í gagnasöfnum Hagstofunnar,
- b) að gögnin væru fullnægjandi, og
- c) að um væri að ræða
 - i. efnisþætti sem teljast til reglulegra hagskýrsluverkefna, eða
 - ii. samfélagslega mikilvæga samantekt.

Fjórtán efnisþættir í manntalinu 2021 eru umfram reglugerð ESB:

- Einstaklingar
 - Bakgrunnur
 - Veitingarár ríkisfangs
 - Vensl við viðmiðunareinstakling
 - Náms svið hæstu menntunarstöðu
 - Trúfélagsaðild
- Fjölskyldur og heimili
 - Samsettar fjölskyldur
 - Aðgengi að bifreið
 - Tekjudreifing
- Húsnæðið
 - Eignarhaldsform
 - Lyfta
 - Staðsetning íbúðar á hæð
- Staðsetningar

¹ Lög nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, 21. desember.

- Þéttbýlisstaðir
- Hagskýrslusvæðaflokkun Hagstofunnar
- Íslenska reitakerfið

Auk ofangreindra efnispáttu eru nokkrir efnispættir sem er að finna í reglugerð ESB auknir eða flokkaðir á annan hátt. Það á einkum við um atvinnugreinaflokkun, starfaflokkun og hæstu menntun. Einnig má nefna aldursskiptingu, heimilisleysi, hjúskaparstöðu, atvinnuþátttöku innan fjölskyldu og heimila, stöðu námsmanna og fólks í fæðingarorlofi.

1.3. Fjármögnun

Manntalið 2021 er fjármagnað af fjárlögum, sbr. fjármálaáætlun 2018–2022 og síðar.² Alls var gert ráð fyrir að manntalið 2021 myndi kosta um 150 milljónir króna.

1.4. Fyrri manntöl

Hagstofa Íslands hefur áður framkvæmt manntöl 1920, 1930, 1940, 1950, 1960, 1981 og 2011. Manntalið 1910 var hið fyrsta sem stjórnarráð Íslands hafði frumkvæði að, en 1801 til 1900 stóðu stjórnvöld í Kaupmannahöfn að töku manntalsins. Manntalið 1703 sem Árni Magnússon og Páll Vídalín stóðu að í umboði konungs er fyrsta allsherjarmanntal heillar þjóðar sem varðveist hefur. Hinn 18. júní 2013 var samþykkt að taka manntalið 1703 á skrána um minni heimsins (World Memory). Um skráninguna má lesa nánar á [vefsetri](#) UNESCO.³

Manntalið 2011 var fyrsta manntalið sem tekið var eftir forskrift ESB reglugerðar. Það er aðgengilegt á vef Hagstofunnar og í manntalsgátt Eurostat.⁴

Eldri manntöl, frá 1850 til 1960, eru aðgengileg á [www.timarit.is](#).

Ýmis vandkvæði voru við vinnslu manntalsins 1981 og tókst því ekki að ljúka því í tæka tíð svo það kæmi að gagni fyrir stjórnvöld eða almenning til stefnumótunar og ákvarðana. Það hefur þó verið unnið að því samhliða manntalinu 2021 að búa það til birtingar þannig að a.m.k. liggi fyrir samanburðarhæf gögn við manntölin 2011 og 2021. Gerð verður nánari grein fyrir manntalinu 1981 í sérstakri greinargerð.⁵

1.5. Um þessa greinargerð

Greinargerðinni er skipt í þrjá meginhluta að loknum inngangi. Fyrst er framkvæmd manntalsins lýst. Þá er gerð grein fyrir öllum efnispáttum manntalsins og loks er fjallað almennt um gæði gagnanna eftir því sem kostur er.

Manntalið 2021 verður gefið út í áföngum veturinn 2022 til 2023, þar sem teknir verða fyrir einstakir efnispættir. Þá gefst tækifæri til þess að fjalla betur um einstök atriði og álitamál og bera helstu niðurstöður saman við eldri manntöl og aðrar hagskýrslur um sama efni. Næsta birting er fyrirhuguð í desember um innlandan og erlendan bakgrunn íbúa. Í byrjun næsta árs verða gefnar út niðurstöður um menntun og í kjölfar þess upplýsingar um vinnumarkað, heimili ofl.

² Fjármálaráðuneytið. Fjármálaáætlun 2018–2022.

³ Þjóðskjalasafn Íslands. „Manntalið 1703“.

⁴ <https://ec.europa.eu/CensusHub2>.

⁵ Manntal á Íslandi 31. janúar 1981. Væntanleg.

2. Almenn lýsing á framkvæmd manntalsins

2.1. Gagnaveitur

Manntalið 2021 er að öllu leyti byggt á skráum í vörslu opinberra aðila eða hagskýrslugögnum og gagnagrunnum sem Hagstofan hefur umsjón með. Ekki var leitað til almennings við gagnaöflun.

Leitað var til eftirfarandi opinberra aðila um gögn sérstaklega í þágu manntalsins:

1. Heilbrigðiseftirlit á landsvæðum vegna upplýsinga um starfsmannabúðir,
2. sveitarfélög vegna upplýsinga um íbúa með ótilgreint heimilisfang,
3. félagsmálastjórar vegna upplýsinga um heimilislaust fólk og fólk í húsnæðishraki,
4. dreifiveitur vegna upplýsinga um staðsetningu raforkunotkunar innan húss,
5. byggingarfulltrúar vegna upplýsinga um nýtingu íbúðarhúsnæðis sem stendur autt,
6. sýslumenn vegna upplýsinga um notkun íbúðarhúsnæðis til gistingar í atvinnuskyni,
7. Barnaverndarstofa vegna upplýsinga um heimili fósturbarna í langtímafóstri,
8. Fangelsismálastofnun vegna upplýsinga um fanga í langtíma refsivistun,
9. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vegna upplýsinga um staðsetningu íbúa sem fá húsnæðisbætur,
10. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins vegna upplýsinga um nýtingu atvinnuhúsnæðis til búsetu,
11. Þjóðskrá Íslands vegna upplýsinga um leigusamninga og skráninga úr fasteignaskrá umfram reglubundin gagnaskil,
12. Þjóðskrá Íslands vegna upplýsinga um staðsetningu innan heimilisfangs í íbúðir og hnitsetningu heimilisfanga,
13. Utanríkisráðuneytið vegna starfsmanna í sendiráðum og fastanefndum erlendis.

2.2. Önnur aðföng

Auk ofangreindra gagna sem sérstaklega var aflað vegna manntalsins er byggt á eftirfarandi gögnum sem Hagstofan sækir reglulega til annarra stjórnvalda eða hefur sett saman að eigin frumkvæði með reglubundinni gagnasöfnun:

1. Mannfjöldagögn. Uppfærð daglega með efni frá Þjóðskrá.
2. Staðgreiðslugögn. Uppfærð mánaðarlega með efni frá Skattinum.
3. Tekjugögn. Uppfærð árlega með efni frá Skattinum.
4. Leguskrárgögn. Uppfærð árlega með efni frá Tryggingastofnun.
5. Menntunargögn. Uppfærð árlega með efni úr prófaskrá og frá sex ríkisstofnunum.
6. Fasteignagögn. Uppfærð mánaðarlega með efni frá Þjóðskrá (nú Húsnæðis- og mannvirkjastofnun).
7. Fyrirtækjagögn. Uppfærð reglulega með efni frá fyrirtækja- og hlutafélagaskrá Skattsins.
8. Ökutækjagögn. Uppfærð ársfjórðungslega með efni frá Samgöngustofu.
9. Staðfangagögn. Uppfærð ársfjórðungslega með efni frá Þjóðskrá (og nú Húsnæðis- og mannvirkjastofnun).
10. Hælisleitendagögn. Uppfærð mánaðarlega með efni frá Útlendingastofnun.
11. Launagögn. Mánaðarleg fyrirtækjarannsókn Hagstofunnar.
12. Manntalið 2011.
13. Manntalið 1981.⁶

⁶ Manntalsgögn frá 1981 liggja til grundvallar menntunarskráningu Hagstofunnar sem hefur upphafsdag 31. janúar 1981. Gagnasöfnun vegna manntalsins 2011 um menntunarstöðu landsmanna og árlega síðan hefur snúist um að uppfæra og bæta við gögnin frá 1981.

2.3. Vöruhús manntalsins

Manntalið 2021 er skipulagt í samræmi við hugmyndafræði um vöruhús gagna. Í vöruhúsi gagna eru, eins og almennt í vöruhúsum, þrjú megin svæði:

1. Sviðsetning (e. Staging), þar sem tekið er á móti gögnum og þeim komið fullbúnum fyrir í vöruskemmu;
2. gagnaskemma (e. Data warehouse), þar sem fullbúin og prófuð gögn eru varðveitt;
3. gagnabúð (e. Datamart), þar sem varðveitt eru gögn sem tilbúin eru til birtingar.

Sviðsetningarsvæðinu í manntalinu er skipt upp í þrjú undirsvæði.

- a) Inntaksgrunnur, þar sem gögnum er komið fyrir frá gagnaveitum sem hafa sérstaklega verið beðin um upplýsingar vegna manntalsins;
- b) einangrunargrunnur, þar sem gögnum úr inntaksgrunni og öðrum gagnagrunnum innan Hagstofu er komið fyrir. Þetta svæði er nauðsynlegt til að tryggja að uppfærslur á öðrum gagnagrunnum hafi ekki áhrif á manntalið nema þær séu sóttar sérstaklega;
- c) sviðsetningargrunnur, þar sem gögnum úr einangrunarlagi er steytt saman til að geta valið réttu útgáfuna, ef ágreiningur er, til að setja í gagnaskemmuna.

Í sjálfri gagnaskemmuni eru fullgerð og hreinsuð gögn. Gögnin eru varðveitt niður á hverja hagskýrslueiningu: einstaklingar, fjölskyldur, heimili, húsnæði og staðföng. Auk þess er haldið sérstaklega utan um stofnanir sem reka stofnanaheimili, fyrirtæki og skóla sem einstaklingarnir stunda vinnu hjá eða sækja nám til. Gögnin er því ekki hægt að birta eða gefa út að óbreyttu.⁷ Þau eru hins vegar mikilvæg fyrir rannsóknaraðila og önnur verkefni innan Hagstofunnar.

Í gagnabúðinni eru gögn og töflur sem eru tilbúin til útgáfu. Þar má nefna regintöflur (e. hypercubes) sem fara í manntalsgátt hagstofu Evrópusamstarfsins (Eurostat), pc-axis töflur sem eru birtar á vef Hagstofunnar og annað efni, auk lýsigagna sem framleidd eru til birtingar manntalsins 2021. Aðeins er um að ræða samtölur í töflum í gagnabúðinni sem ekki á að vera hægt að rekja til tiltekinna einstaklinga eða lögaðila.

Töflur í gagnabúðinni eru ekki endilega nákvæm endurspeglun á undirliggjandi gögnum í skemmuni. Það stafar af því að stundum þarf að setja inn vísitandi ónákvæmni - grugga gögnin - eða víxla einstaklingum og heimilum til þess að koma í veg fyrir að hægt sé rekja gögnin til tiltekinna einstaklinga, lögaðila eða heimila.

Úrvinnsla á manntalinu fer öll fram í Microsoft SQL Server 2019. Flutningur og umbreyting gagna frá einu svæði til annars fer öll fram í stefjum (e. procedures), sem kallað er á í tiltekinni röð. Einnig hefur verið stuðst við reikniforritið R til þess að leysa úr tilteknum vandamálum.

Með þessu skipulagi er ennfremur búið í hagin fyrir vinnslu næsta manntals. Þegar ný gögn koma inn þarf fyrst og fremst að huga að því að sviðsetja þau með sama hætti og fyrr. Eftir það tekur við ferli sem lítt þarf að breyta við að búa til gögn í gagnaskemmu og gagnabúð manntalsins.

2.4. Þýðið

2.4.1. Vanaleg búseta

Með vanalegri búsetu er átt við þann stað þar sem einstaklingur dvelur að öllu jöfnu sér til hvíldar og nætursvefns, án tillits til tímabundinnar fjarveru vegna afþreyingar, sumarleyfa,

⁷ Undantekning frá þessu eru staðföng og svæðaskiptingar, stofnanir og fyrirtæki. Þessi gögn eru þó aðgengileg hverjum sem er en nýtast fyrst og fremst sem hjálpartæki en ekki sem sjálfstæðar hagskýrslur.

heimsóknar til vina og skyldmenna, viðskiptaferða, sjúkrahúsdvalar eða ferðalaga í trúarlegum tilgangi.

Vanalegur búsetustaður merkir að einstaklingar, sem alla jafna eru búsettir á talningarstað en eru fjarverandi, eða búist er við að séu fjarverandi, í styttri tíma en hálft ár þegar manntalið er gert, eru taldir vera fjarverandi til skamms tíma og teljast því með í heildarmannfjölda.

Einstaklingar skráðir með lögheimili á Íslandi sem uppfylla ekki viðmið vanalegrar búsetu á talningarstað, þ.e. búa ekki eða reikna ekki með að búa á talningarstað í a.m.k. 12 mánuði samfleytt (að meðtalinni tímabundinni fjarveru), eru álitnir vera viðstaddir til skamms tíma og því ekki taldir með í venjulegum heildarmannfjölda vanalegrar búsetu. Þegar tímabundin fjarvera fæst ekki staðfest er skráð lögheimili látið gilda.

2.4.2. Lögheimili

Manntalið 2021 er tekið upp úr ýmsum stjórnsýsluskrá, en fyrst og fremst þjóðskrá. Af því leiðir að ekki er hægt að spyrja einstaklinga hvort þeir séu vanalega búsettir á dvalarstað sínum heldur verður að nota síðustu uppfærslu á skráningunni í þjóðskrá sem vísbendingu um búsetu.

Í langflestum tilvikum samsvarar þessi skráningaruppfærsla skilgreiningu manntalsins á vanalegri búsetu enda er skilgreining á hvað telst vera lögheimili nær samhljóða skilgreiningu á vanalegri búsetu. Það eru þó undantekningar, bæði varðandi meðferð á skráningu eða talningu á tilteknum hópum og hvað varðar sjálfa framkvæmdina.

2.4.3. Skilgreiningaratriði sem munar á manntalinu og þjóðskrá

Lögin um lögheimili og aðsetur⁸ skilgreina lögheimili þar sem fólk hefur fasta búsetu. Föst búseta er skilgreind svipuð og vanaleg búseta, þ.e. „[m]eð fastri búsetu er átt við þann stað þar sem einstaklingur hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tólmstundum sínum, hefur heimilismuni sína og er svefnstaður hans þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna náms, orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika.“

Eftirfarandi atriði eru þó frábrugðin skilgreiningum manntalsins:

- Ef óvissa er um hvar skuli skrá lögheimili á að miða við það sveitarfélag þar sem viðkomandi dvelur meirihluta ársins. Sex mánaða reglan gildir líka um flutninga til eða frá landinu,
- Þá sem koma til landsins vegna vinnu eða náms má þó skrá með lögheimili á Íslandi þótt væntanleg dvöl sé fjórir til sex mánuðir,
- námsmenn í námi erlendis mega hafa lögheimili á Íslandi á meðan á námi stendur,
- hjón mega skrá lögheimili sitt hvort á sínum staðnum,
- lögheimili má aðeins skrá í íbúð eða tilteknu húsi sem er skráð sem íbúðarhúsnæði í fasteignaskrá.

2.4.4. Íbúðir

Manntalið byggir á fasteignaskrá þjóðskrár⁹ um það hvað telst vera íbúð. Í fasteignaskránni eru íbúðareiningarnar nefndar matseiningar, en merkt er í sérstakan dálk hver notkun

⁸ Lög um lögheimili og aðsetur, nr 80/2018, 25. júní.

⁹ Nú Fasteignaskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

matseiningarinnar er. Í töflunni hér fyrir neðan er sýnt hvaða notkunarflokkar eru taldir til venjulegra, eða hefðbundinna íbúða í manntalinu.

Merking venjulegra íbúða í fasteignaskrá

Identification of conventional dwelling units in the Icelandic cadaster

Táknatala/Code	Lýsing	Description
301	Einbýlishús	Single detached family house
302	Raðhús	Row house
303	Sambýlishús	Multi family house
322	Parhús	Semi-detached house
333	Íbúð	Apartment
501	Íbúð á hæð	Condominium apartment
502	Íbúð í kjallara	Basement apartment
503	Íbúð í risi	Rooftop apartment
604	Ósamþykkt íbúð	Unregistered apartment
622	Íbúð og bílskúr	Dwelling and a garage



Í fasteignaskránni er nokkuð um að viðbyggingar, viðbótarherbergi og þess háttar séu skráð sem sérstakar matseiningar. Það á einkum við ef viðbætur hafa verið gerðar eftir byggingartíma eða úr öðru efni en aðalíbúðin, eða viðkomandi herbergi eru utan íbúðar. Í manntalinu 2011 var lögð töluverð vinna í að finna þessar einingar og sameina þær aðalíbúðinni. Ekki var ráðist aftur í þessa vinnu, enda á þetta fyrst og fremst við um eldri byggingar en ekki þær sem hafa bæst við frá 2011.

Í fasteignaskránni eru einnig önnur híbýli sem ekki teljast venjulegar íbúðir. Oft var hægt að tengja einstaklinga við þau híbýli. Ef híbýlin voru í atvinnuhúsnæði var þó erfitt að skipta þeim upp í einingar. Í slíkum tilfellum voru híbýlin flokkuð sem „sambýlishúsnæði“. Í húsnæðistalinu eru híbýli sem ekki eru venjulegar íbúðir aðeins talin ef einhver býr í þeim.

2.5. Skráning í íbúðir

2.5.1. Heimilis-skilgreining manntalsins

Landsmenn búa á einkaheimilum, stofnunum eða eru heimilislausir.

Einkaheimili er þar sem einn eða fleiri einstaklingar búa í sömu íbúð. Oftast er það ein fjölskylda en það er ekki bundið við slíkt. Heimilishald er allt á vegum einstaklinganna í íbúðinni, hvort sem það er sameiginlegt eða ekki.

Fyrir kemur að húsnæðiseiningu sé skipt upp án þess að það hafi ratað í skrár yfir fasteignir eða önnur gögn sem manntalið byggir á. Þá telst öll einingin ein íbúð og allir sem í henni búa teljast búa saman í heimili.

Stofnanaheimili samanstanda af einstaklingum þar sem stofnun sér um að fullnægja þörfum um húsaskjól og lífsviðurværi að öllu leyti eða að hluta til. Stofnun er skilgreind sem lögaðili að því er varðar langtíma búsetu og þjónustustarfsemi við hóp einstaklinga. Á stofnunum samnýta íbúar sameiginlega aðstöðu (baðherbergi, setustofu, mataðstöðu, svefnaðstöðu og svo framvegis). Stúdentagarðar, elliheimili, sambýli, fangelsi og vinnubúðir eru dæmi um stofnanaheimili.

Heimilislausir eru einstaklingar sem búa á götunni án skýlis er gæti flokkast sem híbýli (útiganga) eða einstaklingar sem flytja oft úr einu skammtímahúsnæðinu í annað (fólk í húsnæðishraki).

2.5.2. Fólk sem ekki er hægt að staðsetja

Í manntalinu eru fjórir hópar fólks sem ekki er hægt að staðsetja:

Þetta er í fyrsta lagi sendiráðsfólk í störfum fyrir ríkið og aðrir útsendir starfsmenn sem hafa vanalega búsetu erlendis.

Í öðru lagi er um að ræða fólk sem hefur flutt til útlanda í skamman tíma yfir áramót en flutt aftur í annað húsnæði en það bjó í fyrir flutning.

Í þriðja lagi er fólk sem er á útigangi og hefur ekki í nein hús að venda. Í daglegu tali er gjarnan átt við þetta fólk þegar talað er um heimilislausu.

Í fjórða lagi er fólk sem hefur ótilgreint heimilisfang í þjóðskrá eða ekki hefur tekist að tengja við tiltekið staðfang.

Þessa einstaklinga er ekki hægt að telja með vanalega búsetu á einu tilteknu staðfangi heldur er heimilisfangið í sveitarfélaginu sem heimildir benda á eða þar sem þeir voru síðast skráðir. Sendiráðsfólk er allt tengt Reykjavík.

Fólk sem flytur oft á milli heimila eða er skráð hjá ættingjum eða vinum meðan það bíður eftir félagslegu húsnæði vegna húsnæðisskorts er talið á staðfanginu sem það er skráð en ekki tengt neinni íbúð enda hefur það ekki vanalega búsetu í tiltekinni íbúð.

Í manntalinu eru birt gögn eftir minni landsvæðum en sveitarfélögum, þ.e. talningarsvæðum og/eða smásvæðum.

Ekki tókst að staðsetja 2.186 einstaklinga í smásvæði eða talningasvæði þrátt fyrir að upplýsingar um sveitarfélag lægju fyrir og er þetta fólk flokkað sem óstaðsett fyrir þær svæðaskiptingar.

Sendiráðsstarfsfólk erlendis sem er flokkað innan manntalsþýðis og hefur lögheimilisskráningu við Rauðarárstíg þar sem utanríkisráðuneytið er til húsa fær heldur ekki flokkun innan smásvæða og talningasvæða en telst hins vegar innan Reykjavíkurborgar í sveitarfélagsskiptingunni.

Þá sem ekki er hægt að tengja við íbúð en eru skráðir á tiltekið staðfang eru hnitsettir á því staðfangi og flokkast þessir einstaklingar innan smásvæða og talningasvæða.

Heimildir um sendiráðsstarfsmenn eru fengnar frá utanríkisráðuneytinu. Heimildir um fólk sem flutti tímabundið til útlanda yfir áramót manntalsdagsins eru fengnar úr breytingaskrá þjóðskrár. Heimildir um heimilislausu og fólk í húsnæðishraki eru fengnar úr sérstakri könnun meðal félagsmálastjóra um land allt og úr breytingaskrá þjóðskrár.

2.5.3. Helstu heimildir fyrir skráningu á stofnanaheimili

Tryggingastofnun greiðir örorku- og ellilífeyri. Hafi einstaklingur dvalist á stofnun í 6 mánuði eða lengur greiðir stofnunin vasapeninga í stað lífeyris. Þessi greiðslutegund er notuð sem vísbending um dvöl á stofnun. Vegna sameiningar öldrunarstofnana víða um land undir einum hatti heilbrigðisstofnunar eru gögn Tryggingarstofnunar þó ófullkomin hvað varðar þá tilteknu öldrunarstofnun sem viðkomandi dvelur á.

Sjúkratryggingar Íslands halda ítarlega skrá um eiginlegan dvalarstað íbúa á öldrunarstofnunum.

Fangelsismálastofnun veitir upplýsingar um fanga og aðra sem eru í réttarvörslukerfinu á manntalsdegi og hafa verið í umsjón hennar í 12 mánuði eða búist er við að verði í 12 mánuði á vegum hennar.

Útlendingastofnun lætur Hagstofunni mánaðarlega í té gögn um hælisleitendur og úrlausn mála þeirra. Þeir hælisleitendur sem hafa dvalið á landinu í 12 mánuði eða lengur án úrlausnar eru taldir með vanalega búsetu á landinu. Þjónustuaðilar eru skráðir, þ.e. sveitarfélög, eða *Útlendingastofnun*. Þeir ráða staðsetningu hælisleitenda.

Vefsíða kaþólsku kirkjunnar ásamt skráningu lögheimilis eru heimildir fyrir flokkun fólks í trúarreglur en þar er að finna upplýsingar um klaustur og aðsetur presta.

Heilbrigðiseftirlit um land allt útveguðu upplýsingar um starfsmannabúðir sem samþykktar hafa verið. Þessar upplýsingar og lögheimilisskráning eru heimildir fyrir skráningu í vinnubúðir.

Ýmsar aðrar heimildir liggja til grundvallar öðrum stofnunum en þó fyrst og fremst greiðslumiðar leigjenda, húsnæðisbætur og lögheimilisskráning sem gefur vísbendingu um búsetu, t.d. á stúdentagörðum og studdri búsetu aldraðra og fatlaðra.

2.5.4. Helstu heimildir fyrir skráningu í íbúðir

Þjóðskrá hóf skráningu í íbúðir á árinu 2020 og fékk Hagstofan sérstakt eintak af þjóðskránni með íbúðarmerkingum hinn 18. desember 2020. Þar sem regluleg afhending þessara gagna hefur dregist hefur verið stuðst við þessa skrá og viðbótargögn sem afhent voru 1. júní 2022. Alls hefur verið hægt að heimfæra um 90% af mannfjöldanum 1. janúar 2021 með þessari heimild einni.

Samkvæmt lögum má *Þjóðskrá* aðeins skrá íbúðir sem eru viðurkenndar sem slíkar. Það þýðir að ekki má skrá íbúð í bílskúrum, sumarbústöðum eða öðru húsnæði sem ekki hefur verið merkt sem íbúð í fasteignaskrá. Ekki eru nein takmörk á því hversu marga má skrá í íbúð.

Heimildir *Þjóðskrár* fyrir íbúðarskráningum eru flutningstilkynningar, þinglýstar eigendaskrár og þinglýstir leigusamningar.

Skatturinn kallar eftir sérstökum greiðslumiðum frá einstaklingum sem hafa tekjur af útleigu húsnæðis. Sama á við um þá sem gefa upp húsaleigu sem útgjöld á skattframtali. Þessi gögn hjálpa til við að finna rétta íbúð eða híbýli þeirra sem leigja, en auk þess staðfesta þau hvernig umráðum viðkomandi fjölskyldu yfir húsnæðinu er háttað.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sér um úthlutun húsnæðisbóta. Samkvæmt lögum má ekki úthluta húsnæðisbótum til búsetu utan lögheimilis og nýtast því upplýsingar *Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar* til þess að finna tiltekna íbúð og hvort bótaþegi leigi allt húsnæðið eða hluta þess. Í síðara tilvikinu getur fjölskylda húsnæðisbótaþegans búið í sömu íbúð og önnur fjölskylda eða fleiri. Enn fremur nýtast þessar upplýsingar til þess að staðfesta húsnæðisumráð fjölskyldunnar.

Fasteignaskrá *Þjóðskrár*¹⁰ geymir upplýsingar um fasteignir og eigendur þeirra. Hagstofan fær þessar upplýsingar mánaðarlega en þær nýtast til þess að heimfæra eigendur í íbúðir ef um fleiri en eina íbúð er að ræða sem *Þjóðskrá* hefur ekki þegar skráð. Upplýsingar um sumarbústaði og eigendur þeirra nýtast einnig til þess að ákvarða raunverulega búsetu.

Dreifiveitur hafa einkaleyfi á dreifingu raforku og er því skylt að afhenda Hagstofunni gögn sem nýtast fyrir manntalið. Þessar veitur eru fimm: Veitur ohf., Rarik ohf., HS Veitur hf., Orkubú Vestfjarða ohf. og Norðurorka hf. Staðsetning raforkunotkunar innan húss í íbúðum er eitt af því sem veiturnar skrá sem og greiðendur og flokkun orkunotkunar.

¹⁰ Nú Fasteignaskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Aðeins var sótt um gögn sem vörðuðu einstaklinga. Upplýsingarnar nýtast til að staðsetja fólk í íbúðir, en einnig má draga af þeim ályktanir um atvinnustarfsemi og staðsetningu starfsstöðvar þeirra sem stunda atvinnu á eigin kennitölu.

*Barnaverndarstofa*¹¹ hefur umsjón með börnum sem þurfa á fósturfjölskyldu að halda. Hagstofan sótti upplýsingar til hennar um búsetu fósturbarna utan lögheimilis á manntalsdegi, enda er um að ræða a.m.k. tólf mánaða búsetu.

Sveitarfélög eiga samkvæmt lögum að fara a.m.k. þrisvar á ári yfir íbúaskrá sína.¹² Á þeim forsendum sendu Hagstofa Íslands og Þjóðskrá sveitarfélögunum hverju um sig lista yfir fólk sem skráð var með lögheimili í sveitarfélaginu en heimilisfang var ótilgreint. Afrakstur þeirrar upplýsingaöflunar var rýr og flest sveitarfélögin, einkum þau stærstu, töldu sig engar upplýsingar geta veitt. Þó komu fram upplýsingar um brottflutning eða íverustað nokkurra tuga einstaklinga sem gátu nýst manntalinu.

Manntalið 2011 nýtist til þess að raða fólk í íbúðir hafi það ekki flutt á tímabilinu, ef ekki eru nýrri heimildir um íbúð þeirra.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins fer öðru hvoru yfir atvinnuhverfi til þess að rannsaka búsetu fólks í atvinnuhúsnæði. Aðeins er skráð staðsetning og fyrri atvinnustarfsemi, en slökkviliðið ræðst ekki í talningu á fjölda þeirra sem þar búa eða uppskiptingu húsnæðisins í íbúðareiningar. Slökkviliðið lét Hagstofunni þessi gögn í té eins og þau stóðu um áramótin 1. janúar 2021.

2.5.5. Aðferð við tengingu fjölskyldna við íbúðir

Með nýjum lögum um skráningu einstaklinga var Þjóðskrá gert að hefja skráningu einstaklinga í einstakar íbúðir en áður var lögheimili einungis skráð á tiltekið hús.¹³

Sá böggull fylgir skammrifi að Þjóðskrá er ekki heimilt að skrá í önnur híbýli en þau sem skráð eru sem íbúðir í fasteignaskrá. Það eru hins vegar ýmsir sem búa í annars konar húsnæði, t.d. leigja herbergi í sambýlishúsnæði, búa í bílskúrum, ósamþykktum aukaíbúðum og í sumarbústöðum.

Skráning í íbúðir liggur til grundvallar flokkun mannfjöldans í einkaheimili þannig að mikilvægt er að hún sé sem réttust.

Hagstofan fékk lista frá Þjóðskrá með yfirliti yfir íbúðaskráningu hinn 18. desember 2020 og annan lista miðaðan við 1. júní 2022. Báðir þessir listar liggja til grundvallar íbúðaskráningu í manntalinu 1. janúar 2021.

Alls náðist að skrá rúmlega 90% mannfjöldans í íbúð með íbúðarskráningu Þjóðskrár. Um aðra voru nýttar heimildir sem lýst er hér að framan.

Þeir sem bjuggu á stofnunum, voru heimilislauðir, eða óstaðsetjanlegir á tiltekið staðfang voru teknir út fyrir sviga áður en ráðist var í að tengja fjölskyldur við íbúðir.

Upplýsingar um búsetu nemenda í framhaldsskólum voru ekki nýttar. Þá var gætt að því að fullorðin börn í fjölskyldu sem ættu sjálfstæða vísbendingu um búsetu annarstaðar en á heimili foreldranna drægju ekki foreldra og systkini með sér.

Íbúðum var úthlutað eftir áreiðanleika gagna en einnig fengu þeir forgang fram yfir aðra sem höfðu úr færri íbúðum að velja eða íbúðir sem tengdust færri fjölskyldum. Ef jafnt var á

¹¹ Nú Barna- og fjölskyldustofa.

¹² 3. mgr. 17. gr. l. nr. 140/2019 um skráningu einstaklinga, 13. Desember.

¹³ Lög nr. 80/2018 um lögheimili og aðsetur, 25. júní 2018.

milli fengu skráðir leigjendur forgang fram yfir þá sem greiddu raforkureikning sem sjálfir fengu forgang fram fyrir eigendur húsnæðisins. Tilkall til íbúðar utan staðfangs leiddi til breytingar á staðfangi utan skráðs lögheimils þegar það átti við.

Fólk sem hafði ótilgreint heimilisfang, en vann hjá aðila sem átti atvinnuhúsnæði sem Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hafði staðfest að væri nýtt til búsetu, var komið fyrir í því húsnæði.

Fólk sem bjó á sama stað og árið 2011 var komið fyrir í þeirri íbúð sem það bjó í þá.

Ef enginn hafði sérstakt tilkall til íbúðar í fjölbýli en fjöldi íbúða nægði til að koma öllum fyrir var fjölskyldum raðað í íbúð með slembiaðferð.

Ef ekki var hægt að koma fjölskyldu fyrir í íbúð með neinum hætti var reynt að finna önnur vensl við einhvern sem fyrir var, t.d. stórfjölskylduvensl, eða ef viðkomandi aðilar fluttu sama dag eða, í tilviki erlendra ríkisborgara, höfðu sama eftirnafn.

Ef einhverjir stóð utan íbúðar á tilteknu staðfangi var öllum komið fyrir í einni sýndaríbúð á því staðfangi. Íbúðum með fleiri en 10 íbúðum, þar af þrír eða fleiri einstæðingar, var skipt upp í tvær íbúðir þannig að búin var til sýndaríbúð handa einstæðingunum. Alls var 6.509 einstaklingum þannig komið fyrir í 2.661 sýndaríbúð.

3. Gæði

Í verklagsreglum um hagskýrslugerð sem tóku gildi árið 2006 eru nefndar fimm víddir sem nota má til þess að meta gæði hagtalna. Þær eru 1) notagildi, 2) nákvæmni og áreiðanleiki, 3) tímanleiki og stundvísi, 4) samræmi og samanburðarhæfni og 5) aðgengi og skýrleiki.¹⁴

3.1. Notagildi

Í verklagsreglunum er notagildi skilgreint sem sú regla að evrópskar hagskýrslur verði að fullnægja þörfum notenda. Í því felst að þarfir notenda skuli rannsakaðar í samráði við þá eða með notendakönnunum og áætlanir gerðar um hvernig hægt sé að mæta þeim.

Manntalið 2021 er að mestum hluta óbreytt frá manntalinu 2011 hvað varðar þá efnisþætti sem bætt hefur verið við. Ekki hafa verið gerðar notendakannanir síðan vegna manntalsins. Það vakti hins vegar athygli Hagstofunnar hversu lítið manntalið hefur verið notað eða vísað til í almennri umræðu eftir útgáfu þess í júlí 2014 og frekari útgáfu 2015. Sama á við um manntalið á evrópskan mælikvarða en nýting evrópsku manntalsgáttarinnar hefur verið mun minni en búist var við.

Bæði Eurostat og Hagstofan telja að helsta ástæða þessa sé tímanleiki gagnanna og hversu sjaldan manntöl eru tekin. Upplýsingagjöf í nútímanum er hröð, skjótvirk og allan sólarhringinn þannig að manntöl sem eiga við um viðmiðunartíma fjögur til fimm ár í fortíðinni eru einfaldlega talin úrelt þegar þau koma út. Í Evrópu eru áform um að breyta þessu með því að sameina manntöl og mannfjöldaskýrslur með árlegri útgáfu þeirra. Á Íslandi hefur verið lögð áhersla á það að gefa manntalið 2021 út eigi síðar en á árinu 2022.

Einum efnisþætti hefur verið bætt við frá manntalinu 2011. Hagstofan ákvað að bæta við tekjubreytu til þess að fá gleggri mynd af heimilum í landinu. Í manntalinu 2021 verður því hægt að skoða heimili eftir því hvar þau raðast eftir tíundum heildartekna deilt með fjölda neyslueininga.

¹⁴ Stjórnartíðindi B. nr. 578/2006 frá 10. júlí 2006.

3.2. Nákvæmni og áreiðanleiki

Með nákvæmni og áreiðanleika er almennt átt við að hagskýrslur skuli lýsa raunveruleikanum á nákvæman og áreiðanlegan hátt. Það þýðir að á öllum stigum þarf að meta hversu vel gögnin endurspeglir veruleikann og hversu vel leiðréttingar og tilreiknanir bæti gögnin.

Manntalið 2021 er byggt á gögnum sem verða til í stjórnsýslunni eða opinberum stofnunum vegna samskipta þeirra við landsmenn. Gögnin eru þannig í stöðugri endurskoðun hjá þessum stofnunum, einkum ef um er að ræða gögn sem ráða innheimtu tekna eða dreifingu á fjármagni eða gæðum.

Í þessum kafla verður fjallað um lykilskrá hvað varðar talningu mannfjöldans og húsnæðis en um nákvæmni og áreiðanleika annarra efnispáttanna verður fjallað þegar kemur að útgáfu þeirra.

Meginstöðir manntalsins og húsnæðistalsins 1. janúar 2021 eru tvær: Þjóðskrá og fasteignaskrá.

3.2.1. Þjóðskrá

Skráning fólks í lögheimili byggir að mestu á upplýsingum frá landsmönnum sjálfum. Fyrir kemur að vísitandi sé ekki tilkynnt um búferlaflutninga en einnig berast upplýsingar um búferlaflutninga stundum seint eða aldrei vegna ýmissa ástæðna. Útlendingar sem hér koma til dvalar eða vinnu hafa hag af því að láta skrá komu sína í fyrsta skipti þegar þeir koma en enginn hvati er fólgin í því fyrir þá að skrá sig úr landi þegar þeir fara eða skrá sig inn í landið á nýjan leik hafi þeir þegar fengið kennitölu. Þetta á þó ekki við um fólk sem flytur til Norðurlanda vegna samninga um skipti á gögnum vegna almannaskráninga í þeim löndum.

Fyrir Íslendinga sem flytjast búferlum til útlanda en hyggjast snúa aftur síðar meir er neikvæður hvati á að skrá lögheimili sitt erlendis því með því missa þeir sjúkratryggingar og endurheimta þær ekki fyrr en sex mánuðum eftir komu til landsins.

Athugun sem gerð var á skráðri og raunverulegri búsetu í Fjallabyggð árið 2009 benti til allt að 12,6% ofmats á íbúafjöldanum, en 256 af 1.758 höfðu ekki búið í sveitarfélaginu síðastliðna tólf mánuði eða haft búsetu í sveitarfélaginu í sex mánuði eða skemur.¹⁵

Af þessu leiðir að upplýsingar Þjóðskrár um staðsetningu fólksins geta verið mjög misvísandi, hvort sem átt er við staðsetningu í sveitarfélagi eða á landinu í heild.

3.2.2. Leiðréttingar á staðsetningu innanlands.

Í janúar 2021 sendi Hagstofan, í samvinnu við Þjóðskrá Íslands, sveitarfélögum landsins beiðni um að gera grein fyrir fólki með ótilgreint heimilisfang, hafi einhver slík skráning verið í lok árs 2020. Þessi beiðni var send út í ljósi þess að með lögum er sveitarfélögum gert skylt að fara yfir íbúaskrá sína í það minnsta þrisvar á ári, eins og fyrr hefur verið vikið að.¹⁶

Viðbrögð sveitarfélaganna voru dræm, einkum þeirra fjölmennustu. Þessar upplýsingar voru þó notaðar til þess að breyta sveitarfélagsaðild þeirra sem upplýsingar fengust um. Upplýsingar um leigu íbúðarhúsnæðis og/eða greiðslu á raforkureikningum utan lögheimilis sveitarfélags hafa enn fremur verið nýttar til þess að meta hvort viðkomandi búi í sveitarfélaginu.

¹⁵ Kjartan Ólafsson og Þóroddur Bjarnason. 2010. Föst búseta og hlutabúseta í Fjallabyggð.

¹⁶ 3. mgr. 17. gr. l. nr. 140/2019 um skráningu einstaklinga, 13. Desember.

3.2.3. Skráningar eftir manntalsdag

Á manntalsdegi, 1. janúar 2021, eru tiltæk gögn úr þjóðskrá þau sem síðast voru skráð. Verið getur að fólk hafi flutt, dáið eða börn fæðst fyrir þann tíma án þess að það hafi verið skráð í tæka tíð fyrir manntalsdaginn.

Af því leiðir að þegar manntalið er byggt á þjóðskrá verður að taka tillit til atburða sem eiga sér stað fyrir manntalsdaginn en eru ekki skráðir fyrr en á næsta ári. Til þess að manntalið sé sem tímanlegast er aðeins miðað við eins árs umþóttunartíma.

Þrátt fyrir eins árs umþóttunartíma eru atburðir, einkum búferlaflutningar, sem annað hvort eru ekki skráðir af því engin tilkynning barst eða þegar þeir eru skráðir er notast við skráningardag fremur en raunverulegan flutningsdag. Með nýjum lögum um lögheimilisskráningu er þjóðskrá ekki lengur heimilt að skrá nýtt lögheimili lengra en 14 daga aftur í tímann¹⁷ en þar að auki liggur ekki alltaf fyrir hver flutningsdagurinn var.

3.2.4. Heimildir um lögheimilisskráningu á Íslandi en vanalega búsetu erlendis

Hagstofa Íslands hefur staðið fyrir umfangsmikilli úrtaksrannsókn, Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar, á atvinnuþátttöku landsmanna frá árinu 1991, í fyrstu tvisvar á ári en frá og með 2003 hefur þessi rannsókn verið ársfjórðungslega og svarendahópnum dreift jafnt yfir allar vikur ársfjórðungsins. Frá 1993 hefur verið athugað hvort svarendur hafi fært búsetu sína erlendis án þess að skrá flutninginn, annað hvort með því að spyrja þá sjálfa, aðra heimilismenn eða fyrrverandi vinnufélaga sem náðst hefur samband við. Tilgangurinn var að leiðrétta mannfjöldatölurnar en án þess hefði fjöldi vinnandi á Íslandi ávallt verið ofmetinn.

Þessar mælingar hafa verið háðar úrtakssveiflum en sýnt svipaða niðurstöðu ár frá ári.

3.2.5. Lífsmerkjarannsókn

Árið 2022 stóð Hagstofan fyrir svokallaðri lífsmerkjarannsókn, þar sem reynt var að nýta skráargögn til að spá fyrir um hvort viðkomandi hafi flust búferlum til útlanda án þess að breyta lögheimili sínu. Gögn úr vinnumarkaðsrannsókninni voru nýtt til að þjálfja spálfkanið. Stefnt er að því að halda rannsókninni áfram með það að markmiði að ná fram enn meiri nákvæmni, einkum varðandi þá einstaklinga sem spáð er að hafi vanalega búsetu erlendis.

Í rannsókninni kom í ljós að hentugasta aðferðin við að setja upp líkan var svokallað slembiskógs námsalgrím (e. random forest learning algorithm). Notast var við ýmis kennimerki, kyn, aldur, fjölskyldustöðu, ríkisfang (íslenskir, erlendir), menntun, komuár, tekjur og lengd tíma frá því viðkomandi fékk síðast greidd laun fyrir viðmiðunardag. Þjálfað var með gögnum úr vinnumarkaðsrannsókninni á fjórða ársfjórðungi árána 2014-2018. Algrímið skilaði nákvæmni hvað varðar ákvörðun mannfjöldans upp á $\pm 0,2\%$ en öllu slakari niðurstöðu hvað varðar einstaklingana sem spáð var úr landi.¹⁸

Með því að beita lífsmerkjarannsókninni til þess að ákvarða mannfjöldann fæst mun nákvæmari tala en ef eingöngu væri stuðst við lögheimilisskráningu þjóðskrár. Sú tala er hins vegar sjálf með skekkjumörk upp á allt að $\pm 0,4\%$, ef lögð eru saman skekkjumörk úr vinnumarkaðs- og lífsmerkjarannsóknunum.

Ef þeir sem eru ranglega taldir úr landi eru álíka margir og þeir sem ranglega eru taldir hafa vanalega búsetu á landinu verður lokaniðurstaðan hin sama. Lífsmerkjarannsóknin skilar því góðum árangri til að meta heildartölu landsmanna. Slíkt getur þó valdið öðrum skekkjum sem ekki er hægt að meta til fulls nema gera sérstaka rannsókn á áhrifum þess.

¹⁷ Lög um lögheimili og aðsetur, nr 80/2018, 25. júní.

¹⁸ Margherita Zuppardo, Violeta Calian, Ómar Harðarson (2022).

Sú rannsókn hefur ekki verið gerð en vænta má að áhrifin séu almennt lítil enda ekki um stóran hóp að ræða.

3.2.6. Samanburður við þjóðskrá

Vegna ofangreinds er all nokkur munur á mannfjöldatölum í manntalinu 2021 og þeim mannfjöldatölum sem byggðar eru á þjóðskrá.

Samanburður á mannfjölda samkvæmt þjóðskrá og manntali

Mannfjöldi með lögheimili á Íslandi eða vanalega búsetu 1. janúar 2021

	Alls	Karlar	Konur
Mannfjöldi með lögheimili á Íslandi 1. janúar 2021 (þjóðskrá)	368.791	189.042	179.749
Bætt við mannfjöldann	1.674	966	708
Vegna tafa í skráningu	731	389	342
Vegna vinnu, náms eða annarra ástæðna, þ.m.t. hælisleitendur	943	577	366
Fjarlægðir úr mannfjöldanum	-11.343	-6.953	-4.390
Vegna skráningarástæðna	-2.338	-1.643	-695
Vegna náms eða aðseturs erlendis	-869	-356	-513
Vegna vísbendinga um búsetu erlendis	-417	-200	-217
Vegna „lífsmerkja“ tilreiknunar	-7.701	-4.740	-2.961
Aðrir sem eru fjarlægðir	-18	-14	-4
Mannfjöldi með vanalega búsetu á Íslandi 1. janúar 2021 (manntal)	359.122	183.055	176.067

Hagstofa Íslands

Hagstofan leiðréttir einnig í sínum gögnum þá sem eru búsettir á Íslandi en ekki staðsettir á réttu heimilsfangi. Alls voru lögheimili leiðrétt fyrir 10.163 einstaklinga (2,8%) og var rúmur helmingur þeirra færður til innan sveitarfélags en tæpur helmingur milli sveitarfélaga.

Einstaklingar búsettir á Íslandi en færðir til innanlands

Leiðrétting í manntali á lögheimili einstaklinga samkvæmt þjóðskrá

Leiðrétting	Fjöldi	Hlutfall
Breytt lögheimili, alls	10.163	100,0%
- Einstaklingar færðir til innan sveitarfélags	5.252	51,7%
- Einstaklingar færðir milli sveitarfélaga	4.911	48,3%

Hagstofa Íslands

3.2.7. Nákvæmni íbúðaskráningarinnar

Alls náðist að tengja 97,7% mannfjöldans við stofnun eða íbúð.

Þeir sem eftir standa eru staðsettir á staðfangi lögheimilisins, en með ótilgreinda heimilisstöðu.

Ekki hefur verið gerð athugun á því hversu vel hefur tekist til. Engum er hins vegar komið fyrir annarsstaðar en þar sem heimildir benda til þess að hann eða hún búi. Þó getur verið að nýting á öðrum venslum (stórfjölskylda, flutningar eða sama kenninafn) leiði til þess að óskýlt fólk sé sett í sömu íbúð. Sömuleiðis geta skekkjur í skráningu íbúðarupplýsinga leitt til villna. Þess er hins vegar að vænta að slíkar skekkjur séu hverfandi og mun minni en ef aðeins væri byggt á lögheimilisskráningu.

3.3. Tímanleiki og stundvísi

Með tímanleika er átt við að hagskýrslum sé miðlað eins fljótt og auðið er og með stundvísi er átt við að þær séu birtar á tilsettum tíma.

Hagstofan hefur lagt megináherslu á að útgáfa á manntalsskýrslum hefjist eigi síðar en haustið 2022 og ljúki að vori 2023. Hagstofunni hefur aldrei áður tekist að ganga frá manntali með svo skjóttum hætti.

Allar fyrirhugaðar birtingar eru settar á birtingaráætlun með tæplega tveggja vikna fyrirvara.

3.4. Samræmi og samanburðarhæfni

Með samræmi og samanburðarhæfni er átt við fimm meginþætti. Í fyrsta lagi hversu vel niðurstöðurnar ríma við aðrar hagskýrslur um sama efni, í öðru lagi hversu vel gögnin eru samanburðarhæf *í tíma* og í þriðja lagi hversu vel þau eru samanburðarhæf *í rúmi*. Í fjórða lagi hversu gott *innra* samhengi gagna er og í fimmta lagi að nýttir séu sameiginlegir *staðlar*.

Ekki er hægt að meta þennan þátt fyllilega fyrr en fjallað verður um einstaka efnisþætti.

- Manntalið 2021 er tekið eftir sömu skilgreiningum á efnisþáttum og árið 2011. Í mörgum tilvikum hafa sundurliðanir þó verið einfaldaðar, en hægt er að einfalda flesta efnisþætti manntalsins 2011 þannig að það rími við manntalið 1. janúar 2021.
- Manntalið 2021 er samanburðarhæft innanlands (*í rúmi* eins og verklagsreglurnar nefna það) enda var það byggt á stjórnsýsluskrám og hagskýrslugögnum sem ná til alls landsins án aðgreiningar.
- Manntalið 2021 er samanburðarhæft við manntöl í Evrópu þar sem farið er eftir sömu handbók við gerð þess og á EES svæðinu og í fleiri löndum innan Evrópu.
- Þar sem við á eru nýttir alþjóðlegir staðlar eða staðlar sem hafa verið samdir og gefnir út af Hagstofunni. Þetta á við landsvæði, stofnanaheimili, atvinnugreinar, menntunarstöðu og svið menntunar, starfaflokkun og fleira.

Áður hefur verið fjallað um samanburð við þjóðskrá en frávik frá henni eru skjalfest og skilgreind.

Við hönnun manntalsins hefur verið gerður gagnagrunnur sem heldur utan um gæðareglur varðandi innra samhengi gagna. Sem dæmi um slíka reglu má nefna að ekki er hægt að hafa fjölskyldustöðuna „barn einstæðs foreldris“ en samt vera án fjölskyldu.

3.5. Aðgengi og skýrleiki

Með aðgengi og skýrleika er átt við að hagskýrslur skuli settar fram á auðskilinn máta og gefnar út með viðeigandi hætti sem er hentugur, aðgengilegur og hlutlaus ásamt lýsigögnum og leiðbeiningum sem styðji við þær.

Fyrri manntöl Hagstofunnar voru gefin út í heilu lagi en til þess að leggja áherslu á hvert efnissvið fyrir sig og koma í veg fyrir að notendur fari á mis við upplýsingar ef þær eru of viðamiklar er manntalið 2021 gefið út í áföngum. Hagstofan leggur áherslu á að sýna hlutleysi og hlutlægni í umfjöllun sinni. Það felst fyrst og fremst í því að reynt er að forðast allar túlkningar á gögnunum, en jafnframt benda á það sem gæti farið fram hjá lesendum.

Þessi greinargerð er liður í því að gefa íslenskum almenningi greinargott yfirlit og leiðbeiningar um manntalið 1. janúar 2021. Einnig er Hagstofunni skylt að afhenda Eurostat, hagstofu Evrópu-sambandsins, lýsigögn sem verða jafnframt aðgengileg á íslensku á vef Hagstofunnar.

Öllu talnaefni fylgja skýringar á hugtökum sem liggja að baki einstökum efnispáttum og/eða sundurliðunum.

4. Yfirlit yfir einstaka efnispætti

Í þessum kafla verður gerð almenn grein fyrir efnispáttum í manntalinu. Kaflanum er skipt í þrjá undirkafla:

1. Manntalið, þar sem gerð er grein fyrir þeim páttum sem varða einstaklinga, fjölskyldur og heimili;
2. húsnæðistalið, þar sem gerð er grein fyrir þeim páttum sem varða húsnæði;
3. staðsetningar, þar sem gerð er grein fyrir staðsetningu og svæðaflokkun sem varða hvort tveggja manntalið og húsnæðistalið.

Í hverjum þætti geta verið ein eða fleiri breytur. Með breytu er átt við dálk í gagnasafninu sem hefur tiltekna sundurliðun. Sundurliðun fyrir hverja breytu er hægt að sækja í lýsigögn manntalsins. Almennt er sú regla viðhöfð að breytuheiti sem jafngilda Evrópureglugerðum eru þrír bókstafir að lengd. Þær breytur eru að öllu leyti eins sundurliðaðar og gerð er grein fyrir í þeim reglugerðum. Þessar breytur eru 36 talsins.

Breytuheiti sem eru séríslensk eru fjórir bókstafir að lengd nema tvær breytur sem snúa að reitakerfi Íslands sem og svokallaðar greiningarbreytur.

Í vöruhúsi manntalsins eru auk sundurliðaðra breyta varðveittar nokkrar breytur sem liggja hinum sundurliðuðu til grundvallar. Þær eru varðveittar til þess að hægt verði að bjóða upp á meðaltöl og aðra greiningu sem telst mikilvæg. Þær breytur eru því jafnbila- eða hlutfallsbreytur, fremur en nafnbreytur og hafa lýsandi heiti á íslensku. Þær eru kallaðar einu nafni greiningarbreytur í þessari greinargerð.

Alls eru íslensku breytur 35 talsins en sérstakir efnispættir eru 14 eins og að framan er getið.

Breytuheiti eru gefin upp í upphafsstöfum í undirfyrirsögnum en efnispættir skrifaðir út á íslensku í yfirfyrirsögnum.

4.1. Manntalið

4.1.1. Kyn

4.1.1.1. SEX Kyn

Kyn er aðallega fengið úr þjóðskrá. Um er að ræða læknisfræðilega eða líffræðilega skilgreiningu, enda hafði þjóðskrá frest til 6. janúar 2021 að taka í gildi lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði en þá var skilgreiningu breytt og bætt við möguleikanum kynsegin/annað í skráningu á kyni.

Breytan má ekki vera óskilgreind.

4.1.2. Aldur

4.1.2.1. AGE Aldur

Aldur miðast við aldur á miðnætti í upphafi dags 1. janúar 2021. Breytan má ekki vera óskilgreind. Upplýsingar eru um aldur allra sem eru í manntalinu.

4.1.2.2. iAGE Aldursflokkar

Breytan er höfð til einföldunar því hún sundurliðar aldursflokka ekki eftir tugum, heldur frá hálfum tug til næsta hálfis tugar, t.d. 25 – 34 í stað 30 – 39.

4.1.3. Fæðingarland

4.1.3.1. POB Fæðingarland

Fæðingarland er miðað við það land þar sem móðirin hafði vanalega búsetu þegar fæðingin átti sér stað, eða, ef þær upplýsingar eru ekki fyrir hendi, fæðingarstaðinn. Miðað er við fæðingarlandið á grundvelli alþjóðlegra landamæra sem í gildi voru hinn 1. janúar 2021.

Í þjóðskrá er skráningu á fæðingarstað ekki breytt að frumkvæði þjóðskrár. Þannig eru á skrá fæðingarlönd eins og Sovétríki, Júgóslavía, Austur-Þýskaland o.fl. Ef ekki leikur vafi á hvert landið er í dag er fæðingarlandið uppfært (t.d. A-Þýskaland eða Hong Kong). Í öðrum tilvikum er fæðingarlandið flokkað sem óþekkt.

4.1.4. Ríkisfang

4.1.4.1. COC Ríkisfang

Íslenskt ríkisfang er veitt samkvæmt lögum. Skráning annarra ríkisfanga er byggð á upplýsingum úr vegabréfum viðkomandi. Við breytingu á ríkjaskipan hefur þjóðskrá leitast við að leiðrétta ríkisfangsskráninguna í samræmi við upplýsingar frá einstaklingunum sjálfum.

4.1.4.2. BKGR Bakgrunnur

Með erlendum bakgrunni er átt við fólk sem á a.m.k. eitt foreldri með erlendan bakgrunn, þ.e. það og báðir foreldrar þess eru fædd erlendis.

„Innflytjandi“ er einstaklingur sem fæddur er erlendis sem og foreldri hans/hennar og þeirra foreldrar.

„Annarrar kynslóðar innflytjandi“ er einstaklingur sem fæddur er á Íslandi, en báðir foreldrar eru innflytjendur.

4.1.4.3. VTRF Veitingarár ríkisfangs

Breytan um árið sem íslenskt ríkisfang var veitt vísar til ársins sem einstaklingurinn fékk íslenskan ríkisborgararétt skv. gildandi lögum eða með sérstökum lögum frá Alþingi.

4.1.5. Búseta fyrir ári

4.1.5.1. ROY Búseta fyrir ári

Búseta 1. janúar 2020 er byggð á lögheimilisskráningu þann dag. Sama á við um búsetu á manntalsdegi. Með þessu móti er komið í veg fyrir ofmat á hreyfingu mannfjöldans ef búseta á manntalsdegi væri miðuð við uppgötvanir manntalsins sem m.a. byggir á afturvirkum skráningum í þjóðskrá.

Búferlaflutningar innan sveitarfélags teljast flutningar á sama landsvæði. Börn sem fæddust á árinu 2020 eru flokkuð sem „á ekki við.“

4.1.6. Búseta erlendis og komuár til landsins

4.1.6.1. YAE Komuár eftir 1980

Komuár til landsins er það ár sem einstaklingurinn var síðast skráður með lögheimili á Íslandi.

4.1.6.2. YAT Komuár til landsins frá 2010

Með breytunni „Komuár til landsins frá 2010“ er athyglinni beint að nýlegum alþjóðlegum búferlaflutningum frá 2010.

4.1.7. Trúfélag

Aðild að trúfélagi er ekki hið sama og trúarskoðanir, en gögnin hér byggja á skráningu á trúfélagsaðild í þjóðskrá sem viðkomandi einstaklingar hafa ekki alltaf sjálfir komið að. Þessi skráning liggur til grundvallar skiptingu fjármálaráðuneytisins á trúfélagsgjöldum á milli trúfélaga og sókna innan Þjóðkirkjunnar.

4.1.7.1. TRUF Aðild að trúfélagi

Gögnin eru fengin skv. skráningu Þjóðskrár á manntalsdegi. Flokkað er eftir helstu alþjóðlegum trúarbrögðum. Við þá flokkun er farið eftir fullyrðingum viðkomandi trúfélags, sem m.a. kemur fram í heiti þess, en ekki eftir því hvort flestir aðrir telja þá ekki með. Leitað var á heimasíðu viðkomandi trúfélags ef vafi lék á hvernig ætti að flokka það.

4.1.8. Hjúskaparstaða

4.1.8.1. LMS Hjúskaparstaða

Hjúskaparstaða er skilreind í lögum¹⁹ og felur í sér gagnkvæmar skyldur og réttindi maka og gagnvart börnum þeirra. Staðfest samvist telst til hjúskapar. Makar sem hafa skilið að borði og sæng teljast vera í hjúskap. Hið sama gildir um hjón sem ekki eru í samvistum ef annað hjóna er búsett um tíma erlendis.

Skráð sambúð telst ekki vera hjúskapur.

4.1.8.2. HJUR Hjúskaparstaða í reynd

Lögformleg hjúskaparstaða, en með þeim breytingum að gift fólk sem ekki er í samvistum er skráð sérstaklega, og ógift fólk sem er í sambúð eru skráð sérstaklega.

„Sambúð“ er aðallega fengin úr skráningu í þjóðskrá með tveimur undantekningum.

- Hafi sambúðarslit varið minna en sex mánuði er litið svo á að sambúð hafi ekki verið slitið, þó svo að svo hafi verið skráð í þjóðskrá.
- Sömuleiðis eru barnsfaðir og móðir sem búa á sama heimili skilgreind í sambúð ef bæði eru ógift.

„Ekki samvistum“ er fólk sem er í hjúskap en er ekki í samvistum við maka sinn. Það getur verið vegna þess að um sé að ræða skilnað að borði og sæng eða annað hjóna er búsett erlendis.

¹⁹ Lög nr. 31/1993, Hjúskaparlög, 14. apríl.

4.1.9. Staða í fjölskyldu og á heimili

4.1.9.1. FST Staða í fjölskyldu

Fjölskyldukjarni er tveir eða fleiri einstaklingar sem tilheyra sama heimili og eru tengdir sem makar eða sem foreldri og barn. Þetta fjölskylduhugtak takmarkar tengsl milli barna og fullorðinna við bein tengsl (í fyrsta lið), þ.e. á milli foreldris og barns. Barn (sonur/dóttir) vísar til líffræðilegs barns, stjúp barns eða ættleidds barns án tillits til aldurs eða hjúskaparstöðu sem hefur vanalega búsetu á heimili a.m.k. annars foreldris og á hvorki maka né eigið barn á sama heimili. Fósturbörn eru ekki meðtalín.

Sonur eða dóttir á heimili sem býr með maka eða einu eða fleiri af sínum eigin börnum, telst ekki vera barn heldur telst til eigin fjölskyldukjarna.

Barn, sem býr til skiptis á tveimur heimilum (t.d. ef foreldrar þess eru skilin), er talið á skráðu lögheimili sínu. Hagstofan hefur heldur ekki aðgang að gögnum sem gætu skorið úr um dvalarstað barns hjá forsjáforeldri á manntalsdegi.

Tveir einstaklingar eru taldir vera í „sambúð“ þegar þeir:

- búa á sama heimili og
- eiga í hjónasambandi (þ.m.t. að vera kynforeldrar sama barns) og
- eru ekki giftir hvorir öðrum. Heimili með afa og/eða ömmu og einu eða fleiri barnabörnum en engu foreldri þessara barna falla ekki undir skilgreininguna á fjölskyldu.

4.1.9.2. HST Staða á heimili

Einstaklingar á einkaheimili ná yfir efnisflokkana „Einstaklingar í fjölskyldukjarna“ og „Einstaklingar utan fjölskyldukjarna“.

Flokkurinn „Einstaklingar í fjölskyldukjarna“ nær yfir alla einstaklinga sem búa á einkaheimili er hýsir fjölskyldukjarnann sem þeir tilheyra.

Flokkurinn „Einstaklingar utan fjölskyldukjarna“ nær yfir alla einstaklinga sem annaðhvort tilheyra heimili án fjölskyldu eða fjölskylduheimili, án þess að tilheyra neinum fjölskyldukjarna á því heimili. Heimili án fjölskyldu getur verið heimili eins einstaklings eða sameiginlegt heimili fleiri en eins einstaklings án fjölskyldukjarna.

Flokkurinn „Búa ekki einir“ nær yfir einstaklinga sem búa annaðhvort á sameiginlegu heimili án fjölskyldukjarna eða á fjölskylduheimili án þess að tilheyra fjölskyldukjarnanum á því heimili.

„Stofnanaheimili“ eru heimili rekin af lögaðilum þar sem hópi fólks er veitt húsnæði og þjónusta til lengri tíma. Stofnanir hafa gjarnan sameiginleg þægindi sem íbúarnir deila með sér (snyrtiaðstöðu, setustofur, mötuneyti, svefnskála og svo framvegis). Sjá nánar í skýringum við efnisþáttinn TSTF Tegund stofnunar.

4.1.9.3. VVVE Vensl við viðmiðunareinstakling

Viðmiðunareinstaklingur er sá einstaklingur sem skyldleikavensl annarra á heimilinu eru miðuð við. Hann er fundinn með eftirfarandi hætti:

- Ef heimilið hefur einn eða fleiri fjölskyldukjarna, þar af a.m.k. einn með hjónum eða sambúðarfólki, er viðmiðunareinstaklingurinn elsti einstaklingurinn sem er í hjónabandi eða sambúð og sem er virkur á vinnumarkaði eða elsti einstaklingurinn í hjónabandi eða sambúð ef enginn slíkur er virkur á vinnumarkaði.

- Að öðrum kosti, ef heimilið hefur a.m.k. einn fjölskyldukjarna einstæðs foreldris en engin hjón og ekkert sambúðarfólk þá er viðmiðunar einstaklingurinn elsta einstæða foreldrið sem er á vinnumarkaði, en elsta foreldrið ella.
- Á heimilum þar sem enginn fjölskyldukjarni fyrirfinnst er viðmiðunareinstaklingurinn sá elsti sem er á vinnumarkaði en elsti einstaklingurinn ella.

4.1.10. Fólk utan einkaheimila

4.1.10.1. HEML Heimilislausir

Heimilislaust fólk er fólk sem ekki hefur vanalegan bústað þar sem það heldur heimili. Heimilisleysi skiptist í tvo flokka:

„Útigangsfólk“ (e. primary homelessness) eru einstaklingar sem eru á götunni án skýlis sem myndi flokkast sem hóbýli.

„Fólk í húsnæðishraki“ (e. secondary homelessness) eru einstaklingar sem eru í tíðum búferlaflutningum eða eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði vegna húsnæðisleysis. Síðara skilgreiningaratriðið er vegna þess að verið getur að lögheimilið sé skráð hjá vinum eða vandamönnum án þess að þess beri merki í þjóðskrá að fólk sé á hrakhólum vegna tíðra flutninga.

4.1.10.2. TSTF Tegund stofnunar

Stofnanir eru lögaðilar sem hafa það að markmiði að veita hópi fólks húsnæði og þjónustu til lengri tíma. Stofnanir hafa gjarnan sameiginleg þægindi sem íbúarnir deila með sér (snyrtiaðstöðu, setustofur, mötuneyti, svefnskála og svo framvegis).²⁰ Öll stofnanaheimili á Íslandi er hægt að flokka í eftirfarandi átta meginflokka:

- a) Námsgarðar
- b) Heilbrigðis- og öldrunarstofnanir
- c) Stofnanir fyrir börn og unglinga
- d) Studd búseta
- e) Fangelisstofnanir
- f) Trúarreglur
- g) Vinnubúðir
- h) Aðrar stofnanir

Með námsgörðum er átt við hvers konar húsnæði sem byggt er sérstaklega fyrir námsmenn, hvort sem um er að ræða íbúðir í fjölbýlishúsum eða heimavist.

Með studdri búsetu er átt við stofnanir þar sem boðið er upp á fæði eða mötuneyti, húsnæði og gjarnan einhverja þjónustu á vegum stofnunarinnar. Sameiginleg aðstaða er oftast en ekki í boði, einkum setustofur, mötuneyti og í sumum tilvikum bað- og snyrtiaðstaða. Rekstrarform getur verið með ýmsu sniði, t.d. getur húsnæðið verið leigt út eða í búseturétti. Um getur verið að ræða dvalarheimili fyrir aldrað fólk, sambýli og íbúðarkjarna fyrir fatlað fólk eða aðrar álíka stofnanir.

²⁰ Sjá nánar: Flokkunarkerfi íslenskra stofnanaheimila og leiðbeiningar um flokkun í manntali. 1. útgáfa.

4.1.11. Húsnæðisfyrirkomulag

4.1.11.1. HAR Húsnæðisfyrirkomulag

Efnispátturinn „Húsnæðisfyrirkomulag“ nær yfir heildarmannfjölda og vísar til gerðar húsnæðis, þar sem einstaklingur hefur venjulega fasta búsetu á þeim tíma þegar manntalið er gert. Hann nær yfir alla einstaklinga sem hafa vanalega búsetu í ólíkum gerðum hóbýla, þá sem eru ekki með vanalega búsetu og dvelja tímabundið í einhvers konar hóbýli og þá sem eru án þaks yfir höfuðið og sofa á götunni eða í neyðarskýlum á þeim tíma þegar manntalið er gert.

Ef ekki var hægt að staðsetja einstaklinga, þ.m.t. þá sem bjuggu tímabundið erlendis eða búa vegna starfa sinna fyrir íslenska ríkið erlendis, eru þeir flokkaðir sem ótilgreint.

Með hefðbundum eða venjulegum íbúðum er átt við afmarkað og sjálfstætt húsnæði á föstum stað sem er hannað fyrir varanlega búsetu manna og er á viðmiðunardeginum,

a) notað til búsetu,

b) stendur autt eða c) er ætlað til árstíðabundinnar notkunar eða aukanota.

„Afmarkað“ merkir í þessu samhengi umluknið veggjum og með þaki eða lofti, þannig að einn eða fleiri einstaklingar geti búið út af fyrir sig. „Sjálfstætt“ merkir með beinum aðgangi frá götu eða stiga, gangi, súlnagöngum eða lóð.

„Annað húsnæði“ eru skúrar, kofar, hreysi, hjallar, hjólhýsi, húsbátar, hlöður, myllur, hellar eða hvert annað skýli sem notað er til mannbústaðar þegar manntalið er gert, án tillits til þess hvort það var hannað í því skyni.

„Samþýlishúsnæði“ er húsnæði sem hannað er til búsetu stórra hópa einstaklinga eða fyrir nokkur heimili og a.m.k. einn einstaklingur notar til vanalegrar búsetu þegar manntalið er gert.

Skilgreiningu á heimilislausum má finna í skýringum við efnispáttinn HEML Heimilislausir.

4.1.12. Atvinnuþátttaka

4.1.12.1. CAS Atvinnuþátttaka

Staða á vinnumarkaði er núverandi tengsl einstaklings við atvinnustarfsemi, byggð á viðmiðunartímabili sem er nóvembermánuður 2020. Þeir sem þáðu laun sem voru jöfn eða hærri en sem námu einnar klukkustundar lágmarkslaunum á viku töldust vinnandi. Þegar skráð er ein tiltekin atvinnustaða á hvern einstakling er staðan „í vinnu“ tekin fram yfir „atvinnulaus“ og staðan „atvinnulaus“ tekin fram yfir „ekki virkur á vinnumarkaði“. Einstaklingar sem urðu 15 ára á manntalsárinu 2021 og þaðan af yngri einstaklingar teljast ekki vera á vinnualdri.

4.1.12.2. STUD Námsmenn

Vísað er til þeirra sem skráðir voru í nemendaskrár á haustönn 2020. Námsmenn eru flokkaðir í CAS-breytunni ef þeir stunduðu ekki vinnu jafnframt námi og því yrði vantalning á þeim ef sú breyta væri einvörðungu notuð.

4.1.12.3. FORL Í fæðingarorlofi

Vísað er til þeirra sem fengu greiddan fæðingarstyrk eða laun í fæðingarorlofi í nóvember 2020.

4.1.13. Atvinnustétt

4.1.13.1. SIE Atvinnustétt

Flokkað er eftir flokkunarstaðli ILO, ICSE. Miðað er við greiðsluform til Skattsins, en „ármenn“ og þeir sem greiða skatta af reiknuðu endurgjaldi eða greiða sjálfum sér laun teljast ekki launþegar. Makar þeirra sem standa fyrir búi teljast til „ólaunaðs skylduliðs“ ef þeir sinna ekki öðrum störfum utan búsins. Ef einstaklingur er bæði vinnuveitandi og launþegi er honum skipað í aðeins einn flokk samkvæmt hæstu tekjum. Eigendur og stjórnendur einkahlutafélaga teljast launþegar ef laun þeirra eru staðgreiðsluskyld og greidd af einkahlutafélaginu.

Sama starf liggur til grundvallar flokkun eftir atvinnugrein, starfsstétt og atvinnustétt.

4.1.14. Atvinnugrein

Vísar til tegundar framleiðslu eða starfsemi fyrirtækis eða svipaðrar einingar þar sem einstaklingur, sem er virkur á vinnumarkaði eins og er, vinnur í tiltekinni vinnustöð. Einstaklingar sem sækja vinnu í fleiri en einni atvinnugrein eru heimfærðir á þá atvinnugrein sem skilaði hæstu tekjunum.

Sama starf liggur til grundvallar flokkun eftir atvinnugrein, starfsstétt og atvinnustétt.

4.1.14.1. IND Atvinnugrein

Sundurliðað er samkvæmt bálkum íslensku atvinnugreinaflokunarinnar ÍSAT2008²¹ (byggð á alþjóðlegu útgáfunni NACE Rev. 2).

4.1.14.2. iIND Atvinnugrein

Sundurliðað er samkvæmt deildum, þ.e. fyrstu tveimur stöfum, alþjóðlegu atvinnugreinaflokunarinnar ÍSAT2008 (NACE Rev. 2).

4.1.15. Starfaflokkur

4.1.15.1. OCC Starfaflokkur

Sundurliðað er samkvæmt bálkum, þ.e. fyrsta staf, íslensku starfaflokunarinnar ÍSTARF21 sem er sambærileg alþjóðlegu starfaflokkuninni ISCO-08.²²

4.1.15.2. iOCC Starfaflokkur

Sundurliðað er samkvæmt deildum, þ.e. fyrstu tveim stöfum, íslensku starfaflokunarinnar ÍSTARF21 sem er sambærileg alþjóðlegu starfaflokkuninni ISCO-08.

4.1.16. Staðsetning vinnustaðar

4.1.16.1. LPW Staðsetning vinnustaðar

Breytan flokkar eingöngu eftir NUTS-2 svæðum en Ísland allt er skilgreint sem eitt NUTS-2 svæði. Það á einnig við um störf sem gerð eru út frá Íslandi en eru unnin að hluta til utan Íslands, t.d. störf í millilandaflugi.

Störf sem unnin eru erlendis og starfsmenn ferðast til og dvelja um lengri eða skemmri tíma meðan á vinnu stendur eru flokkuð sem störf erlendis.

Störf við fiskveiðar, þar sem ekki er endilega gert út frá einum stað eða landað á einum stað á að flokka með enga fasta staðsetningu.

²¹ ÍSAT2008 – Íslensk atvinnugreinaflokun

²² ÍSTARF21. Ný útgáfa af flokkunarkerfi starfa - ÍSTARF21.

4.1.17. Menntun

4.1.17.1. EDU Hæsta menntunarstaða

Hæsta menntunarstaða á manntalsdegi er fundin úr menntunarstöðugögnum Hagstofunnar. Þau eru uppfærð árlega á grundvelli gagna úr prófaskrá Hagstofunnar sem byggir á útskriftargögnum úr íslenskum skólum, en einnig gögnum frá ráðuneytum og stofnunum sem gefa út starfsleyfi og/eða veita samkvæmt lögum starfsréttindi sem byggja á því að tiltekinni menntun hafi verið lokið. Menntunargögn úr mannauðskerfi Fjársýslunnar eru sömuleiðis nýtt ásamt skráningaratriðum úr atvinnuleysisrá og árlegri könnun Rannís á þeim Íslendingum sem hafa lokið doktorsprófi. Árið 2018 fengust einnig gögn um hæstu menntun íbúa á Íslandi sem þeir höfðu fengið á einhverju Norðurlandanna fram að þeim tíma.

Menntunarstaðan er flokkuð eftir fyrsta staf íslensku menntunarstöðuflokkunarinnar, ISMENNT2011,²³ sem samsvarar fyrsta staf alþjóðlega menntunarflokkunarkefnsins ISCED-2011.

4.1.17.2. IEDU Hæsta menntunarstaða

Hæstu menntunarstöðu samkvæmt ISMENNT2011 er enduvarpað til að samsvara þriggja stafa flokkun ISCED-2011.

4.1.17.3. SVID Námssvið hæstu menntunarstöðu

Með námssviði er átt við flokkun á innihaldi náms, þ.e. námsgreina eða námsgreinahópa sem nemendur stunda eða hafa útskrifast úr. Aðeins er tekið það námssvið sem tengist hæstu menntunarstöðu einstaklings. Undirliggjandi flokkun í menntunargrunni Hagstofunnar byggir á ÍSNÁM2008 sem er íslensk útgáfa af alþjóðlega flokkunarkefninu ISCED-97.²⁴

Námssviðin hafa verið endurflokkuð í manntalinu 2021 til samræmis við fyrstu tvo stafi alþjóðlegu námssviðsflokkunarinnar ISCED-F2013.²⁵

4.1.18. Fjölskyldur

Fjölskyldur eru sérstök hagskýrslueining. Fjölskylda eru tveir eða fleiri einstaklingar þar sem skyldleikatengslin eru makatengsl eða vensl foreldra og barna í beinan legg, en einstaklingarnir hafa ekki slík vensl út fyrir hópinn. Kjörbörn og stjúpborn teljast til barna sem og börn maka. Engin aldurstakmörk eru sett þannig að barn getur verið á hvaða aldri sem er.

4.1.18.1. TFN Tegund fjölskyldu

Tegund fjölskyldukjarna er dregin af efnispættinum FST Staða í fjölskyldu.

4.1.18.2. SFN Stærð fjölskyldu

Stærð fjölskyldukjarna jafngildir fjölda einstaklinga í kjarnanum.

²³ ÍSMENNT2011 — Flokkun menntunarstöðu.

²⁴ ÍSNÁM2008 — Íslensk náms- og menntunarflokkun.

²⁵ ISCED Fields of Education and Training 2013 (ISCED-F 2013)

4.1.18.3. STJP Samsett fjölskylda

Með samsettri fjölskyldu er átt við kjarnafjölskyldu hjóna eða para í sambúð með eitt eða fleiri börn undir 25 ára aldri og annar makinn en ekki hinn er kynforeldri eins barns eða fleiri. Foreldri ættleidds barns telst kynforeldri þess.

4.1.18.4. FAVF Atvinnuþátttaka fullorðinna í fjölskyldu

Með fullorðnum er átt við einstaklinga sem eru fullra 18 ára á manntalsdeginum eða eldri. Vinnandi teljast þeir sem eru í starfi skv. efnispættinum „Current activity status“ (CAS).

4.1.19. Einkaheimili

Einkaheimili eru skilgreind í samræmi við íbúðina. Allir sem búa í tiltekinni íbúð teljast til sama einkaheimilis svo fremi sem íbúðin sé ekki hluti af stofnanaheimili.

Húsnæði sem leigt er út til herbergisleigu, s.s. atvinnuhúsnæði eða þvúmlíkt, telst sem eitt einkaheimili ef ekki eru heimildir um uppskiptingu húsnæðisins í íbúðareiningar.

4.1.19.1. TPH Tegund einkaheimilis

Tegund einkaheimilis er dregin af efnispáttunum HST Staða á heimili og FST Staða í fjölskyldu.

Heimili para nær til fjölskylduheimila hjóna, fólks í staðfestri samvist eða fólks í sambúð.

4.1.19.2. SPH Stærð einkaheimilis

Stærð einkaheimilis jafngildir fjölda heimilismanna.

4.1.19.3. TSH Húsnæðisumráð

Húsnæðisumráð heimilis vísar til þess með hvaða hætti einkaheimili nær yfir heila íbúð eða hluta hennar. Heimili, þar sem borgað er veðlán af íbúðinni þar sem heimilisfólk býr eða kaup á íbúðinni fara fram með annars konar fjárhagsráðstöfunum, eru flokkuð í flokkinn „Heimili í eignaríbúð“. Heimili, þar sem a.m.k. einn heimilismaður er eigandi íbúðarinnar og a.m.k. einn leigjandi í allri íbúðinni eða hluta hennar, eru flokkuð í flokkinn „Heimili í eignaríbúð“.

4.1.19.4. HT10 Heildartekjur á neyslueiningu - tíundir

Samanlagðar heildartekjur allra heimilismanna ári fyrir manntalsdag deilt með fjölda „neyslueininga“. Flokkað er eftir því í hvaða tíund heimilið fellur þegar tekið er mið af landinu öllu. Tíundarmörkin eru breytileg frá einum tíma til annars.

4.1.19.5. FAFH Atvinnuþátttaka fullorðinna á heimili

Með fullorðnum er átt við einstaklinga sem eru fullra 18 ára á manntalsdeginum eða eldri. Vinnandi teljast þeir sem eru í starfi skv. efnispættinum „Atvinnuþátttaka“ (CAS). Ef fleiri en þrjár fjölskyldueiningar standa að heimili er þessi breyta þó ótilgreind.

4.1.19.6. BILL Aðgengi að fólksbifreið

Heimilismenn teljast hafa aðgengi að einkabifreið (fólksbifreið) ef einhver heimilismanna er skráður sem eigandi eða umráðamaður slíkrar bifreiðar í ökutækjaskrá eða ef bifreiðastyrkur eða ökutækjahlunnindi hafa verið gefin upp til skatts.

4.1.20. Greiningarbreytur

4.1.20.1. Kyn

Kyn er greiningarbreyta með hliðsjón af framtíðarskipan manntalsins. Í næsta manntali bætist þriðja kynið við í lykilheimild manntalsins, þjóðskrá. Ekki er þess að vænta í brád að þessu verði breytt til samræmis í Evrópulöggjöfinni og því verður nauðsynlegt að eiga auðvelt með að ná í þessa breytu. Í manntalinu 2021 er þó ekki munur á þessari breytu og breytunni SEX.

4.1.20.2. Faedingardagur

4.1.20.3. Heildartekjur_einstaklings

4.1.20.4. Fjöldi_neyslueininga

Neyslueining er fundin þannig að á hverju einkaheimili er 1 einstaklingur með gildið 1,0. Aðrir sem eru eldri en 13 ára fá gildið 0,5, en yngri börn fá gildið 0,3.

Fjöldi neyslueininga á heimili er samtala þessara gilda.

4.1.20.5. Heildartekjur_heimilis

Heildartekjur heimila er samtala launa, bóta og fjármagnstekna allra heimilismanna samkvæmt skattframtali ársins yfir manntalsdag fyrir frádrátt vegna greiðslna í lífeyrissjóð og greiðslu skatta.

4.1.20.6. Fjöldi_bifreiða

Fjöldi bifreiða í eigu einstaklings samkvæmt ökutækjaskrá.

4.2. Húsnæðistalið

4.2.1. Híbýli

4.2.1.1. TLQ Gerð híbýla

Hefðbundið íbúðarhúsnæði er afmarkað og sjálfstætt húsnæði á föstum stað sem er hannað fyrir varanlega búsetu manna og er, á viðmiðunardeginum,

- a) notað til búsetu,
- b) stendur autt eða
- c) haft til árstíðabundinnar notkunar eða aukanota.

„Afmarkað“: umlukið veggjum og með þaki eða lofti þannig að einn eða fleiri einstaklingar geti búið þar út af fyrir sig.

„Sjálfstætt“: með beinum aðgangi frá götu eða stiga, gangi, súlnagöngum eða lóð.

„Annað húsnæði“ eru skúrar, kofar, hreysi, hjallar, hjólhýsi, húsbátar, eða hvert annað skýli sem notað er til mannbústaðar þegar manntalið er gert, án tillits til þess hvort það var hannað til mannvistar.

„Sambýlishúsnæði“ er húsnæði sem hannað er til búsetu stórra hópa einstaklinga eða fyrir nokkur heimili og a.m.k. einn einstaklingur notar til vanalegrar búsetu þegar manntalið er gert.

Hefðbundið íbúðarhúsnæði í notkun, annað húsnæði og sambýlishúsnæði kallast einu nafni „híbýli“.

Öll híbýli verða að vera vanalegur bústaður a.m.k. eins einstaklings.

4.2.2. Venjulegar íbúðir

4.2.2.1. OCS Nýting venjulegra íbúða

Venjulegar íbúðir í notkun er hefðbundið íbúðarhúsnæði þar sem einn eða fleiri einstaklingar hafa vanalega búsetu þegar manntalið er gert. Ónýttar venjulegar íbúðir eru hefðbundnar íbúðir þar sem enginn hafði vanalega búsetu þegar manntalið var tekið.

Til síðari hópsins teljast venjulegar íbúðir sem notaðar eru sem annað heimili eða til sumardvalar.

4.2.2.2. TOB Tegund byggingar

Með tegund byggingar er átt við fjölda íbúða í byggingunni þar sem íbúðin er staðsett. Aðeins hefðbundnar íbúðar eru flokkar með þeim hætti.

Venjulegar íbúðir er einnig að finna í byggingum sem að öðru leyti eru ekki ætlaðar til íbúðar s.s. starfsmannaíbúðir eða húsvarðaríbúðir. Ennfremur íbúðir í atvinnuhúsnæði sem hafa verið samþykktar sem venjulegar íbúðir.

4.2.2.3. POC Byggingartími

Með byggingartíma er átt við árið sem lokið var við bygginguna þar sem íbúðin er staðsett.

4.2.2.4. EIGH Eigendur húsnæðis

Flokkun á eignum venjulegra íbúða. Flokkunin er byggð á flokkun fyrirtækjaskrár á rekstrarformi fyrirtækja. Einstaklingar sem eiga eigið íbúðarhúsnæði eru flokkaðir eins og einstaklingar í atvinnurekstri á eigin kennitölu sem eiga íbúðarhúsnæði til útleigu.

4.2.2.5. LYFT Lyfta

Skráningaratriði úr fasteignaskrá. Þar sem ekki hafa fengist fullnægjandi upplýsingar úr fasteignaskrá er ekkert vitað um venjulegt íbúðarhúsnæði sem hefur bæst við frá manntalinu 31. desember 2011.

4.2.2.6. HAED Hæð í húsi

Skráningaratriði úr fasteignaskrá. Kjallari er merktur sem 00 en fyrsta hæð sem 01. Ekki er unnt að greina af skráningunni hvort „jarðhæð“ sé merkt sem kjallari eða fyrsta hæð. Upplýsingar eru til um allar venjulegar íbúðir.

4.2.3. Venjulegar íbúðir í notkun

4.2.3.1. OWS Eignarhaldsform

Miðað er við eignarhald á húsnæðinu en ekki landinu þar sem húsnæðið er. „Eignaríbúðir“ er húsnæði þar sem a.m.k. einn íbúi á hluta húsnæðisins eða það allt. „Búsetuíbúðir“ vísar til eignarhalds innan ramma samvinnufélags um húsnæði. „Leiguíbúðir“ er húsnæði þar sem a.m.k. einn íbúi greiðir leigu fyrir að búa í húsnæðinu og þar sem enginn íbúi á hluta af húsnæðinu eða það allt.

4.2.3.2. NOC Tala íbúa

Fjöldi einstaklinga sem á vanalega búsetu í íbúðinni á manntalsdegi.

4.2.3.3. UFS Nýtanlegt gólfpláss

Nýtanlegt gólfpláss er skilgreint sem sá gólfplötur sem mælist innan útveggja að undanskildum óíbúðarhæfum kjöllum og háaloftum og öllum almenningssrýmum í fjölbýlishúsum. Þar sem fasteignamatið skráir eingöngu upplýsingar um brúttó (þar með talið útveggi) og nettó gólfplöt (að undanskildum inniveggjum) er nýtanlegt

gólfpláss fundið út með línulegu aðhvarfi skv. formúlunni $(a + bM)$ þar sem M stendur fyrir fermetra að meðtöldum útveggjum íbúða. Stikarnir $a=0,298$ og $b=0,918$ í jöfnunni voru ákvarðaðir út frá úrtaki íbúða í Reykjavík í gagnagrunni fasteignaskrár og teikningum í opnum gögnum sem fengin voru úr Borgarvefsjá.²⁶

4.2.3.4. DFS Þéttleiki

Efnispátturinn „Þéttleiki“ setur nýtanlegt gólfpláss í fermetrum í samhengi við fjölda íbúa eins og hann er tilgreindur í efnispættinum NOC Tala íbúa.

4.2.4. Skyldubreytur sem ekki þarf að sundurliða

Fjórar breytur eru þess efnis að nánast allar venjulegar íbúðir á Íslandi hafa vatn leitt í íbúðirnar, hafa salerni, bað eða sturtu og miðstöðvarhitun. Frekari sundurliðunar er því ekki þörf. Efnispættirnir eru allir skráðir sem þeir séu til staðar, og engin íbúð án þeirra. Þetta er heimilt í þeim löndum þar sem þetta á við.²⁷

4.2.4.1. WSS Vatnsveita

4.2.4.2. TOI Salernisaðstaða

4.2.4.3. BAT Baðaðstaða

4.2.4.4. TOH Upphitun

4.2.5. Greiningarbreytur

4.2.5.1. Fjöldi í íbúð

Óflokkaður fjöldi íbúa í íbúð. Nýtist til ýmissa óflokkaðra mælinga s.s. meðaltala og miðgilda.

4.2.5.2. Fermetrar

Óflokkað nýtanlegt gólfpláss. Nýtist til ýmissa mælinga s.s. meðaltala og miðgilda.

4.3. Staðsetningar

4.3.1. Sveitarfélög, byggðastig og þéttbýlisstaðir

4.3.1.1. GEO Landsvæði

Sveitarfélög, eins og þau voru í ársbyrjun 2021, flokkuð eftir NUTS-3 hagskýrslusvæðum.

4.3.1.2. iGEO Landsvæði

Sveitarfélög, eins og þau voru í ársbyrjun 2021, flokkuð eftir fyrstu þrem stigum íslensku hagskýrsluflokkunarinnar (sjá efnispáttinn ISHS Hagskýrslusvæði), auk landsvæða.

Landsvæðaflokkunin var fyrst tekin í notkun 1965, en þar er landinu skipt upp í átta svæði, höfuðborgarsvæði og sjö mun fámennari en víðáttumeiri landsvæði: Suðurland, Suðurnes, Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra og Austurland. Í

²⁶ Björn Magnús Árnason, júlí 2013. „Umreiknun flatarmáls íbúða úr brúttó flatarmáli yfir í nýtanlegt gólfpláss“. Óprentað minnisblað.

²⁷ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/543. EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 64, frá 27. september 2018, bls. 253.

desember 2020 var landsvæðaflokkun Sveitarfélagsins Hornafjarðar breytt þannig að frá 1. desember 2020 tilheyrir það Suðurlandi.²⁸

4.3.1.3. LOC Byggðarstig

Byggðarstig er flokkun á þéttbýlisstöðum eftir stærð. Þéttbýlisstaður er skilgreindur sem ákveðin íbúabyrping, þ.e. svæði þar sem fólk býr í nær- eða samliggjandi byggingum. Slíkar byggingar geta verið:

- a) samfelld þéttbýli með skýrt afmörkuðum götum eða,
- b) þyrping bygginga sem ber viðurkennt, sérstakt staðarheiti, þótt hún sé ekki hluti af slíku þéttbýli eða,
- c) þyrping bygginga, þar sem hvergi er meira en sem nemur 200 metrum milli bygginga, þótt hún uppfylli hvorugt framangreindra viðmiða.

4.3.1.4. STAD Þéttbýlisstaður

Þéttbýlisstaðir með 200 íbúum eða fleiri 1. janúar 2021 samkvæmt mannfjöldatölum á þeim degi.

Skilgreining þéttbýlisstaða var endurskoðuð árið 2015.²⁹ Á árinu 2020 var útfærsla á framkvæmd afmörkunar þéttbýlisstaða breytt til þess að auðvelda landfræðilega afmörkun.³⁰

4.3.2. Hagskýrslusvæði og reitir

4.3.2.1. ISHS

Hagstofan hefur flokkað landsvæði Íslands í svæði sem heppilegri eru til greiningar á mannfjöldanum en stjórnsýslusvæði og sveitarfélög. Flokkunarkerfið er í stigveldi þar sem hverju þrepi er skipt upp í smærra svæði á næsta þrepi fyrir neðan. Efst í stigveldinu er landið allt sem skiptist í tvö svæði, höfuðborgarsvæði og landsbyggð. Þessi tvö þrep samsvara evrópsku landsvæðaflokkuninni, NUTS-1 og NUTS-3 (NUTS-2 er ekki aðgreint á Íslandi frá NUTS-1). Næstu þrjú þrep skipta höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni hvoru um sig í tvö hagskýrslusvæði, en þar næst koma 42 talningarsvæði, og 205 smásvæði með að meðaltali um 1.750 íbúa. Reynt er að hafa íbúafjölda talningarsvæða annars vegar og smásvæða hins vegar sem jafnastan til þess að auðvelda samanburð milli svæða.³¹

Við úrvinnslu manntalsins kom í ljós að smásvæðið 20.08 sem nær aðallega yfir atvinnuhúsnæði við Skemmuveg og Smiðjuveg í Kópavogi náði ekki lágmarksfjölda íbúa sem var settur sem 900 manns. Svæðið var því sameinað smásvæði 20.07.

4.3.2.2. isn2004_laea_1km

Reitakerfið er byggt á Lambert Azimuthal Equal Area vörpun (EPSG=9947) sem tryggir að allir reitir sé jafn stórir. En það er helsta skilyrði þess að reitakerfið sé Inspire tækt.

²⁸ Tákntölur sveitarfélaga 1952–2020 og landsvæðaskipting Hagstofunnar 1920–2020.

²⁹ Jórunn Íris Sindradóttir og Ómar Harðarson: Endurskilgreining Hagstofu Íslands á þéttbýlisstöðum og byggðakjörnum. Hagtíðindi, 2015:2f

³⁰ Ný aðferð við flokkun íbúa eftir þéttbýli og byggðakjörnum. Hagtíðindi 2020.

³¹ Hagskýrslusvæði í maanntalinu 2021. Hagtíðindi. 15. október 2020.

Viðmiðun er ISN 2004,³² netið í þessari breytu er einn kílómetri á hverja hlið.

4.3.2.3. isn2004_laea_100m

Reitakerfi Íslands en með neti sem er einn hektómetri á hvern veg (1 hektari).

4.3.3. Landfræðileg framsetning

4.3.3.1. GEOM Hnit og flákar

Öll heimilisföng manntalsins eru hnitsett. Hnitin eru fengin úr staðfangaskrá Þjóðskrár með nokkrum leiðréttingum. Hnitsetningarkerfið er svokölluð ISN93 Lambert keiluvörpun (EPSG=3057).³³

Allar svæðaflokkarnir sem nefndar hafa verið að framan, ISHS, GEO, iGEO og STAD hafa verið afmarkaðar sem flákar í ISN93 vörpuninni. Til einföldunar hefur bæði 1 km² og 1 hm² reitunum verið endurvarpað í ISN93 viðmiðunarkerfi. Allir flákar eru aðgengilegir almenningi án takmarkana. Einstakar hnitsetningar eru hins vegar háðar skilmálum um að ekki verði ljóstrað upp um upplýsingar varðandi tiltekna einstaklinga eða lögaðila sem eiga að fara leynt.

English Summary

On 1 January 2021, Statistics Iceland conducted a census in Iceland using a new method. The census is based entirely on administrative records and data held by Statistics Iceland. The census is a part of a cross-European effort, taken in accordance with laws and regulations established in the European Economic Area. Therefore, its results can be compared with censuses in other countries.

This publication describes the main characteristics of the census. The results of the census will be released in stages and Statistics Iceland plans the releases on a monthly basis, by subject area, before mid-year 2023.

A census is a structured collection of information on individuals and housing, which serves to provide statistics, on demographic, socio-economic and territorial conditions of the population, in a single data set. The census of 1 January 2021 provides information on families, homes and housing as well as detailed information on the level of education, together with data on employment which can be broken down by different areas and other factors, which is not possible when information is based, for example, on sample surveys. The data are comparable with the results of the 2011 census, since the same definitions and classifications are underlying both censuses.

The national registry from Registers Iceland is the main source of the census and forms the basis of almost all persons counted. Statistics Iceland also uses several other data to evaluate residence, employment and education attainment and to group people into families and households. The national Cadaster provides the basis for data on housing.

The number of inhabitants in Iceland in the census on 1 January 2021 differs from the published annual population figures. The census takes delayed registrations into account, as well as several other factors, e.g. who counts as the population according to the act on domicile. A special

³² https://epsg.org/crs_9947/ISN2004-LAEA-Iceland.html. Nákvæm skilgreining, fyrir þá sem þurfa, er: +proj=laea +lat_0=65 +lon_0=-19 +x_0=1700000 +y_0=1300000 +ellps=GRS80 +towgs84=0,0,0,0,0,0 +units=m +no_defs.

³³ https://epsg.org/crs_3057/isn_93-iceland.html.

statistical assessment has also been made of the number of people who most likely do not live in the country despite having been registered with a domicile in Iceland on 1 January 2021.

The definition of a household in the census is those who live together in a housing unit. In a register-based census, there is no alternative, since there is no accessible information on the division of households within a dwelling on the basis of who shares the cooking. As a result, there are several large households where many individuals are registered as living in one housing unit. However, this is a small percentage of households.

Families are defined as family nuclei, i.e. married couples/couples with or without children or single parents with children. Unlike the national registry, it does not matter how old the children are, they can be of any age. The only requirement is that they themselves do not live with their own family in the household, with their spouse or children.

Comparison of the national registry and the census

Population with Icelandic domicile or usual residence in Iceland 1 January 2021

	Total	Men	Women
Population 1 January with Icelandic domicile (national registry)	368,791	189,042	179,749
Added to the population	1,674	966	708
Due to registration delays	731	389	342
Due to work, study and other reasons, incl. asylum seekers	943	577	366
Removed from the population	-11,343	-6,953	-4,390
Due to registration reasons	-2,338	-1,643	-695
Due to study or registered residence abroad	-869	-356	-513
Due to evidence of foreign residence	-417	-200	-217
Due to sign-of-life imputation	-7,701	-4,740	-2,961
Others removed	-18	-14	-4
Population with usual residence in Iceland 1 January 2021 (census)	359,122	183,055	176,067

 Statistics Iceland

Residents in Iceland moved domestically

Changes in the census of registered domicile according to the national registry

Corrections	Number	Proportion
Domicile changes, total	10,163	100%
- Individuals moved within municipalities	5,252	51.7%
- Individuals moved between municipalities	4,911	48.3%

 Statistics Iceland

Heimildir

Eldri manntöl

1703	Hagskýrslur Íslands II, 21 1960. https://timarit.is/page/6643473
1. febrúar 1801	Statistisk Tabelværk, Hft. 6, 1842, bls 179. https://www.dst.dk/pubfile/20120/folk1840
2. febrúar 1835	Statistisk Tabelværk, Hft. 6, 1842, bls. 158-178. https://www.dst.dk/pubfile/20120/folk1840
2. nóvember 1840	Statistisk Tabelværk, Hft. 10, 1846, bls. 166-235. https://www.dst.dk/pubfile/20121/folk1845
2. nóvember 1845	Statistisk Tabelværk, Ny Rk. Bd.1, 1850, bls. 308-327. https://www.dst.dk/pubfile/19933/folk1850
1. febrúar 1850	Skýrslur um landshagi á Íslandi 1. bindi, 1858, bls. 1-49. https://timarit.is/page/4822384
1. október 1855	Skýrslur um landshagi á Íslandi 1. bindi, 1858, bls. 405-479. https://timarit.is/page/4822790
1. október 1860	Skýrslur um landshagi á Íslandi 3. bindi, 1866, bls. 45-167. https://timarit.is/page/4824186
1. október 1870	Skýrslur um landshagi á Íslandi 5. bindi, 1875, bls 233-362. https://timarit.is/page/4826212
1. október 1880	Stjórnartíðindi fyrir Ísland, C-deild, 1884, bls. 12-63. https://timarit.is/page/6711482
1. nóvember 1890	Stjórnartíðindi fyrir Ísland, C-deild, 1893, bls. 6-73. https://timarit.is/page/6712488
1. nóvember 1901	Landshagsskýrslur fyrir Ísland, 1904, I, bls. 123-222. https://timarit.is/page/6447625
1. desember 1910	Stjórnarráð Íslands, 1913. https://timarit.is/page/6649211
1. desember 1920	Hagskýrslur Íslands 46, 1926-1928. https://timarit.is/page/6642399
2. desember 1930	Hagskýrslur Íslands 92, 1937. https://timarit.is/page/6642639
2. desember 1940	Hagskýrslur Íslands 122, 1949. https://timarit.is/page/6642881
1. desember 1950	Hagskýrslur Íslands II, 18, 1958. https://timarit.is/page/6643193
1. desember 1960	Hagskýrslur Íslands II, 47, 1969. https://timarit.is/page/6643637
31. janúar 1981	Væntanleg
31. desember 2011	Hagtíðindi 2014:1, 3. júlí 2014. https://www.hagstofa.is/media/43800/hag_140703.pdf

Lagaákvæði, reglugerðir, auglýsingar og stjórnvaldsákvarðanir

Lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163, 21. desember 2007.
Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90 27. júní 2018.

Lög um lögheimili og aðsetur, nr. 80, 25. júní 2018.

Lög um skráningu einstaklinga nr. 140, 13. desember 2019

Hjúskaparlög nr. 31, 14. apríl 1993.

Fjármálaráðuneytið. Fjármálaáætlun 2018–2022.

<https://www.stjornarradid.is/media/fjarmalaraduneyti-media/media/frettatengt2016/fjarmalaaaetlun-2018-22.pdf>.

Reglugerð um gildistöku og innleiðingu reglugerða Evrópusambandsins á sviði hagskýrslugerðar. Stjórnartíðindi B. nr. 7777/2016 frá 11. júlí 2016.

Auglýsing um gildistöku verklagsreglna í hagskýrslugerð. Stjórnartíðindi B. nr. 578/2006 frá 10. júlí 2006, sjá

https://www.hagstofa.is/media/43952/verklagsreglur_hagskyrslugerð.pdf.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 frá 9. júlí 2008 um manntal og húsnæðistal. EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 36, frá 12. júní 2014, bls. 329. <https://www.efta.int/sites/default/files/documents/eea-supplements/icelandic/2014-is/su-nr-36-is-12-06-2014.pdf>.

Reglugerð framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) 2017/712 frá 20. apríl 2017 um að ákvarða viðmiðunarár og áætlun um hagskýrslugögn og lýsigögn um manntal og húsnæðistal, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008). EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 64, frá 27. september 2018, bls. 299.

<https://www.efta.int/sites/default/files/documents/eea-supplements/icelandic/2018-is/su-nr-64-is-27-09-2018.pdf>.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/881 frá 23. maí 2017 um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 um manntal og húsnæðistal að því er varðar fyrirkomulag og uppbyggingu gæðaskýrslna og tæknilegt snið fyrir sendingu gagna, og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1151/2010. EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 42, frá 25. júní 2020, bls. 126.

<https://www.efta.int/sites/default/files/images/su-nr-42-is-25-06-2020.pdf>.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/543 frá 22. mars 2017 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 um manntal og húsnæðistal, að því er varðar tækniforskriftir efnispáttanna og sundurliðanir þeirra. EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 64, frá 27. september 2018, bls. 253.

<https://www.efta.int/sites/default/files/documents/eea-supplements/icelandic/2018-is/su-nr-64-is-27-09-2018.pdf>.

Staðlar

Flokkunarkerfi Íslenskra stofnanaheimila og leiðbeiningar um flokkun í manntali. 1. útgáfa. Hagtiðindi 2015:4, 24. ágúst 2015. https://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/6210b1e3-cd70-4a7b-8bab-dc957243dc4c/pub_doc_XCuWoj7.pdf

Hagskýrslusvæði í manntalinu 2021. Hagtiðindi. 15. október 2020.

<https://www.hagstofa.is/utgafur/utgafa/mannfjoldi/hagskyrslusvaedi-i-manntalinu-2021/>

ÍSAT2008 – Íslensk atvinnugreinaflokkun. Hagstofa Íslands, 25. mars 2009.

<https://www.hagstofa.is/utgafur/nanar-um-utgafu?id=54698>

ISCED Fields of Education and Training 2013 (ISCED-F 2013) . Unesco 2014.

<http://uis.unesco.org/sites/default/files/documents/isced-fields-of-education-and-training-2013-en.pdf> DOI <http://dx.doi.org/10.15220/978-92-9189-150-4-en>

ÍSMENNT2011 — Flokkun menntunarstöðu. Hagtiðindi. 4. apríl 2017.

<https://hagstofa.is/utgafur/utgafa/menntun/ismennt2011-flokkun-menntunarstodu/>

ISN2004_laea https://epsg.org/crs_9947/ISN2004-LAEA-Iceland.html..

ISN93 https://epsg.org/crs_3057/isn_93-iceland.html.

ÍSNAÐ2008 — Íslensk náms- og menntunarflokkun. Hagstofa Íslands, 17. september 2008. <https://www.hagstofa.is/utgafur/utgafa/ymislegt/isnam2008-islensk-nams-og-menntunarflokkun/>

ÍSTARF21. Ný útgáfa af flokkunarkerfi starfa - ÍSTARF21. Hagstofa Íslands, 14. janúar 2022. <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/laun-og-tekjur/ny-utgafa-islenskrar-starfaflokkunar-istarf21/>

Jórunn Íris Sindradóttir og Ómar Harðarson: Endurskilgreining Hagstofu Íslands á þéttbýlisstöðum og byggðakjörnum. Hagtíðindi, 2015:2. Hagstofa Íslands, Reykjavík 2015. https://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/6210b1e3-cd70-4a7b-8bab-dc957243dc4c/pub_doc_frhlYNk.pdf

Ný aðferð við flokkun íbúa eftir þéttbýli og byggðakjörnum. Hagtíðindi 2020. <https://hagstofa.is/utgafur/utgafa/mannfjoldi/ny-adferd-vid-flokkun-ibua-eftir-thettbyli-og-byggdajoknum/>

Aðrar heimildir

Björn Magnús Árnason, júlí 2013. „Umreiknun flatarmáls íbúða úr brúttó flatarmáli yfir í nýtanlegt gólfpláss“. Óprentað minnisblað.

Hagstofa Íslands. *Manntal á Íslandi 31. janúar 1981. Væntanleg.*

Kjartan Ólafsson og Þóroddur Bjarnason. 2010. Föst búseta og hlutabúseta í Fjallabyggð. Í Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson (ritstj.), Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng. Samgöngur, samfélag og byggðaðróun (bls. 58-64). Akureyri: Háskólinn á Akureyri. Einnig á vefsíðu: https://byggdathroun.is/hedinsfjardargong/wp-content/uploads/2015/10/Kjartan_2010.pdf,

Margherita Zuppardo, Violeta Calian, Ómar Harðarson: *Machine learning methods for estimating the Census population*. Ritgerð lögð fram á þingi norrænna tölfræðinga, Reykjavík, ágúst 2022.

<https://static1.squarespace.com/static/606f36b890215d7048ddaac0/t/62ed226833f2793819011bb5/1659708009485/MACHINE+LEARNING+METHODS+FOR+ESTIMATING+THE+CENSUS+POPULATION.pdf>

Táknölur sveitarfélaga 1952–2020 og landsvæðaskipting Hagstofunnar 1920–2020. Hagtíðindi. 18. nóvember 2020. <https://hagstofa.is/utgafur/utgafa/mannfjoldi/takntolur-sveitarfelaga-1952-2020-og-landsvaedaskipting-hagstofunnar-1920-2020/>

Vefsíður

Manntalsgátt Eurostat: <https://ec.europa.eu/CensusHub2>.

Þjóðskjalasafn Íslands. „Manntalið 1703“, https://skjalasafn.is/gallery/manntalid_1703.

Hagtíðindi

Greinargerð

Statistical Series

Working papers

107 árg. ♦ 8. tbl.

14. nóvember 2022

ISSN 1670-4770

Umsjón *Supervision* Ómar Harðarson ♦ Omar.Hardarson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* ♦ Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is ♦ www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.